



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. janúar 2005 – 15. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR


TÆPUR HELMINGUR Í ÁKÆRU
Saksóknarar fella niður rúmlega helming mála vegna meintra kynferðisbrota á börnum þar sem ekki þykir líklegt að ákæra leiði til sakfellingar. Oftast vantar frekari sannanir. Sjá síðu 2



URÐUM AÐ LEITA SKJÓLS Ragnar Már Hansson fór ásamt fimm öðrum til að leita kinda í Héðinsfirði þegar brjálað veður skall á. Þeir leituðu skjóls í neydarskýli og vissu ekki í fimm tíma um aðfríð félaga síns. Sjá síðu 4

MIKILL SAMHUGUR Landssöfnunin Neyðarhjálp úr norðri gekk vonum framar. Alls voru gefnar um 110 milljónir króna. Aldrei hefur jafn mikið fé safnast hérlandis ef safnanir vegna snjóflóðanna á Vestfjörðum eru undanskildar. Sjá síðu 6

PREFÖLDUN TEKNA Útsvarstekjur sveitarfélaga fyrir austan hafa allt að þrefaldast vegna framkvæmda við Kárahnjúka. Misjafnt er hvort og þá hversu miklar tekjur sveitarfélögin hafa af starfsmönnum á utangarðsskrá. Sjá síðu 8




VONSKUVEÐUR Í DAG EINA FERÐINA ENN Snýst í hvassa norðanátt í dag og má búast við stormi á Norðvesturlandi og éljum um allt land. Sjá síðu 4



FYRIRLESTUR UM TROCKEL Klukkan hálf eitt í dag flytur Gudrun Inboden fyrirlestur um störf þýsku listakonunnar Rosemarie Trockel í Listaháskóla Íslands, Laugarnesi. Gudrun er sýningarstjóri sýningar Rosemarie Trockel í Gerðubergi.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	20
Leikhús	26	Sjónvarp	28



Fyrirum ráðherrar starfa á eftirlaunum

Sjö fyrirverandi ráðherrar fá greidd eftirlaun þrátt fyrir að vera í fullu starfi á vegum hins opinbera. Sex þeirra öðluðust eftirlaunarétt eftir að ný lög um eftirlaun voru samþykkt á Alþingi í lok árs 2003. Lögin áttu að draga úr sókn fyrirum þingmanna í opinber embætti.

KJARAMÁL Sjö fyrirverandi ráðherrar fengu samtals rúmar sautján milljónir króna í eftirlaun á liðnu ári þrátt fyrir að vera enn í fullu starfi á vegum hins opinbera. Með lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra, sem voru samþykkt á Alþingi í desember árið 2003, voru heimildir til töku eftirlauna rýmkaðar og aðeins einn þeirra sjö sem nú þiggja eftirlaun hafði öðlast réttindi til þeirra fyrir gildistöku nýju laganna.

Lögin voru umdeild og taldi forysta Alþýðusambandsins að aukin réttindi ráðherra og þingmanna væru ekki í réttu hlutfalli við það sem almenningur ætti að venjast. Meðal annars var kveðið á um það í lögum að ráðherrar ættu rétt á eftirlaunum létu þeir af störfum við sextíu ára aldur og aldursmarkið lækkaði hefðu þeir starfað sem ráðherrar í sex ár eða lengur. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, mælti fyrir frumvarpinu á sínum tíma og sagði að eitt af markmiðum þess væri að draga úr sókn gamalla þingmanna í embætti í stjórnkerfinu.

Alls eru 27 fyrirverandi ráðherrar á eftirlaunum og á þessu ári námu greiðslur til þeirra fyrir ráðherrapingstörf rúmum 110 milljónum króna. Eftirlaun fyrirverandi alþingismanna voru á sama tíma rúmar 235 milljónir, en þar á meðal eru greiðslur til ráðherra fyrir þingmennsku. Mikill titringur var á Alþingi áður en eftirlaunafrumvarpið var samþykkt en meðflutningsmenn þess komu úr öllum stjórnsmálaflokkum. Vegna gríðarlega harðra viðbragða hófst atburðarás sem

endaði með því að Vinstri grænir, Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn ákváðu að draga stuðning sinn við frumvarpið til baka. Verkalýðshreyfingin mótmælti lögum kröftuglega og skipulagði fjölmenn mótmæli á Austurvelli. Frumvarpið var samþykkt af 29 þingmönnum stjórnarflokka, auk þess sem Guðmundur Árni Stefánsson, Samfylkingunni, meðflutningsmaður frumvarpsins, studdi það og var þar með eini þingmaður stjórnarandstöðunnar sem það gerði. ghg@frettabladid.is



Í LÁGAFELLSKIRKJU Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson og séra Karl V. Matthíasson leiddu samkomuna í Lágafellskirkju í gærkvöldi þar sem saman komu brottfluttir Vestfirðingar og aðrir sem vildu minnst þeirra sem fórust fyrir tíu árum síðan.

Súðavíkursnjóflóðið:
Látinna minnst í gær

MINNING Guðsþjónusta var haldin í íþróttahúsinu í Súðavík í gær til minningar um þá sem létust í snjóflóðinu fyrir tíu árum. Fjölmenni var við athöfnina og þjónuðu séra Magnús Erlingsson og séra Valdimar Hreiðarsson fyrir altari. „Þetta var hátíðleg stund þar sem við minntumst þeirra sem dóu og báðum fyrir okkur sjálfum, aðstandendum og fyrir framtíðinni,“ sagði Magnús. Tár mátti sjá á hvörmum sumra gestanna. Að sögn Magnúsar treystu sér ekki allir til að mæta til samkomunnar, minningin um flóðin var of þungbær.

Í Lágafellskirkju í Mosfellsbæ var haldin minningar- og bæna-stund í gærkvöldi fyrir brottflutta Vestfirðinga og aðra sem vildu minnst þeirra sem fórust fyrir tíu árum. ■

Grunur um auðgunarbrot og skattalagabrot:

Frjáls fjölmiðlun og forsvarsmenn til rannsóknar

GJALDÞROT Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir fjölda mála vera til rannsóknar sem tengist gjaldþroti Frjálsrar fjölmiðlunar, fyrirtækinu og forsvarsmönnum þess. Ekki hafi þó verið nægt tilefni til að rannsaka eitt ákveðið mál tengt gjaldþrotinu þar sem skiptastjóri óskaði eftir aðstoð embættisins við nálgast gögn um fjárreiður Time Invest í Lúxemborg.

„Það er fjöldi mála sem tengjast starfsemi forsvarsmanna Frjálsrar fjölmiðlunar sem tekinn var til rannsóknar um og eftir gjaldþrotið,“ segir Jón. Aðspurður segir hann marga hafa verið yfirheyrðar og það kunnir fjöldi manna að tengjast rannsókn þessara mála þegar upp verði staðið, og nefnir hann þar forsvarsmenn auk annarra sem störfuðu fyrir þá. Málín sem eru til rannsóknar tengjast ætluðum auðgunarbrotum svo og brotum á skattalöggjöfni.

„Ég fór fram á að þeir athuguðu hvort gögn um Time Invest væri til en þeir höfnuðu því. Þeir telja sig ekkert geta gert og ég verð að sæta því,“ segir Sigurður Gizurarson, skiptastjóri þrotabús Frjálsrar fjölmiðlunar. Jón H. Snorrason segir rökstuddan grun verða að vera til staðar svo hægt sé að hefja rannsókn. Sá grunur hafi verið fyrir hendi í fjölda mála tengdum Frjálsri fjölmiðlun en ekki í þessu einstaka máli. Jón segir skiptastjóra hugsanlega geta styrkt grunsemdir með frekari vinnu.

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000

Dröggum á morgun

Vertu með frá byrjun í spennandi ári hjá Hapdrætti Háskólans. Á síðasta ári voru ríflega 750 milljónir króna greiddar til miðaeigenda og 224 miðar skiluðu eigendum sínum vinningi sem var ein milljón króna eða meira.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings



GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 14.1.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	62,46	62,76
Sterlingspund GBP	116,89	117,45
Evra EUR	81,92	82,38
Dönsk króna DKK	11,01	11,07
Norsk króna NOK	10,03	10,09
Sænsk króna SEK	9,06	9,11
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	95,18
		95,74

Gengisvísitala krónunnar
Króna 112,47 -0,74%

Heimild: Seðlabanki Íslands



ÁREKSTUR

Bílarnir tveir skulu saman á umferðarljósum við Glerárgötu og Tryggvabraut.

Akureyri:

Óhapp við umferðarljós

LÖGREGLA Betur fór en á höfðist í allhördum árekstri á Akureyri upp úr klukkan 14 í gær þegar tveir bílar skulu saman á umferðarljósum við Glerárgötu og Tryggvabraut. Flughált var á Akureyri í gær.

Ohappið varð þegar maður á sjötugsaldri ók yfir á rauðu ljósi og klessti þá á annan bíl. Að sögn lögreglunnar á Akureyri var ökumaður og farþegi í hinum bílnum en engin meiðsli urðu á fólk. - fb



AMERICAN STYLE

Pakskyggni á veitingastaðnum American Style eyðilagðist í sprengingu í fyrrinótt.

Skemmdarverk:

Sprengdu pakskyggni

LÖGREGLA Þrír títugir piltar voru handteknir í Reykjavík klukkan kortér fyrir eitt í fyrrinótt eftir að hafa sprengt flugeld fyrir utan veitingastaðinn American Style í Skip-holti.

Pakskyggni á staðnum eyðilagðist við sprenginguna. Að sögn lögreglunnar virðist sem prikið hafði verið tekið af raketu sem síðan hafi verið sprengd upp. Piltarnir voru yfirheyrðir og fengu skömm í hattinn fyrir uppátækið. - fb

Tailandsfararnir:

Þakklátur að vera á lífi

FLÓDBYLGJAN Íslendingarnir átta sem voru í mánuð í Taílandi komu heim um helgina. Ein úr hópnum, Margrét Þorvaldsdóttir, segir að það hafi verið hryllilegt að upplifa flóðið og skelfingarnar sem á eftir fylgdu.

„Við fórum ekkert af hótelinu en fylgdumst með sjónum. Við löbbuðum aðeins niður á ströndina og þar sá maður mikið af fólki leita að einhverju að hirða, til dæmis vorum úr stórmarkaði sem var þarna. Svo sá maður pallbla með líkpoka. Lyktin var hræðileg, klóakið og þetta allt blandaðist saman en við vorum með klúta fyrir vitum,“ segir hún.

Íslendingarnir ákváðu að vera áfram í Taílandi þrátt fyrir flóðið og

voru í tæpa viku á hótelinu á Phatong-ströndinni og fóru svo til Chang Mai-borgar norðar í landinu. Þar dvöldu þau í nokkurn tíma áður en þau héldu í áttina til Bangkok.

Mikil samstaða var í hópnum og þau studdu hvert annað. „Við tóluðum saman og svo komu stundir þar sem við héldum utan um hvert annað. Maður er þakklátur fyrir að vera á lífi,“ segir Margrét.

- ghs

TÁILANDSFARARNIR

Íslendingarnir sem voru á Phatong-ströndinni þegar flódbylgjan reið yfir á annan dag jóla. Fremst á myndinni má sjá Margrét Þorvaldsdóttur og Jónas B. Sigurbórson og Friðrik Árnason prentsmið, Dönu Lantom Huiphimai og son þeirra, Tómas.



FRÉTTABLAÐIÐ/VIKURÉTTIR

Urðum að leita skjóls

Ragnar Már Hansson fór ásamt fimm öðrum til að leita kinda í Héðinsfirði þegar brjálað veður skall á. Þeir leit-uðu skjóls í neyðarskýli en vissu ekki í fimm klukkutíma um afdrif manns sem hafði orðið viðskila við hópinn.

BJÖRGUN Fjórir vélsleðamenn biðu í neyðarskýli í Héðinsfirði í fimm klukkutíma án þess að vita hvað hefði orðið um fimmta manninn sem var með þeim í för á laugardag.

„Ég reyndi að fara á eftir honum en komst ekki neitt,“ segir Ragnar Már Hansson, sem beið ásamt þremur öðrum eftir hjálp í neyðarskýlinu.

„Við höfðum verið að leika okkur á sleðunum þegar við hittum tvo Fljótamenn sem ætluðu að sækja kindur í Héðinsfjörð. Það hafði verið þungt yfir en þegar létti til fórum við með þeim til að leita kindanna. Þegar þær voru allar fundnar skall á brjálað veður,“ segir Ragnar. Þeir reyndu að komast til baka en gekk illa að komast upp fjallshlíð í firðinum. Einn mannanna gekk upp á toppinn þar sem hann ætlaði að bíða hinna en hann hafði verið farþegi á einum sleðanum. Einn vélsleðamannanna reyndi að finna leið fyrir sleðann sinn upp hlíðina en fór fram af hængju og féll ofan í gil og lá þar slasaður á eftir.

Það var bara heppni að við sáum hann.



RAGNAR MÁR HANSSON

Mennirnir gátu ekki annað en vonað að sá sem varð viðskila við hópinn væri heill á húfi.

„Það var bara heppni að við sáum hann. Hjörtur sá glitta í hann þegar aðeins rofaði til í smá stund og við gátum farið og hjálpað honum. Við ákváðum að snúa við og fara í neyðarskýlið. Okkur var orðið nokkuð kalt en það hlýnaði fljótt í skýlinu og við lituðum okkur sýpu,“ segir Ragnar. Hann segir vel hafa farið um þá en það hafi verið mjög vont að vita ekki hvað hefði orðið um fimmta manninn í hópnum. Það eina sem þeir hafi getað hafi verið að vona að hann væri heill á húfi.

Leitin að mönnum hófst eftir að sá sem varð viðskila við hópinn komst í símasamband. Hann var villtur en gat leiðbeint björgunarsveitarmönnum um á hvaða slóðum hann væri og skaut síðan upp blysi

svo hægt var að staðsetja hann nákvæmlega. Í kjölfarið hófst leitin að hinum fjórum. „Talstöðin í neyðarskýlinu var biluð. Björgunarsveitarmennirnir heyrðu eitthvert smá kall frá okkur en síðan ekki söguna meir fyrr en við fundumst. Tveir okkar fóru með björgunarsveitarmönnum á vélsleðunum til baka en ég og Stefán vorum fluttir á börum í björgunarskipli,“ segir Ragnar. Sjálfur hafði hann klemmst undir vélsleðanum þegar hann féll af honum og hafði blætt inn á hægri kálfavöðvann. Vinur hans meiddist á hné og tognaði í baki og bjóst Ragnar við að hann þyrfti að vera nokkra daga á sjúkrahúsi. Sjálfur þyrfti hann að gista eina nótt á sjúkrahúsinu. hrs@frettabladid.is



© LANDMÆLINGAR ÍSLANDS


Veðrið

ENNÞÁ VONSKU-VEÐUR!

Hann er að snúa sér í norðanátt í dag en það er lægð að ganga yfir landið með talsverðum vindhraða um allt land. Hvasst veður við norðausturströndina og má reikna með hvasstviðri eða stormi um norðvestanvert landið og jafnvel víðar. Reikna má með einhverjum eljagangi um allt land í dag, fyrst syðra en norðanlands þegar liður á daginn. Á morgun verður stíf norðanátt en eitthvað hægari vestanlands með snjókomu um allt norðanvert landið. Frost í dag og næstu daga.

Kveðja,
Guðröður
Arnardóttir
nátturfræðingur.


Í dag



Veðrið úti í heimi í dag


Kaupmannahöfn	8°C léttskýjað	Dublin	8°C sk. m. köflum
Helsinki	4°C skýjað	Moskva	-3°C léttskýjað
Þórshöfn	2°C rigning	Prag	5°C sk. m. köflum
London	11°C sk.m.köflum	Apna	10°C rigning

Á morgun



Allhvöss norðanátt austanlands en heldur hægari vestanlands. Dregur úr vindi með kvöldinu.

Miðvikudagur



Stíf suðaustanátt með snjókomu eða eljum suðaustanlands.

Oslo	6°C skýjað
Varsjá	2°C sk.m.köflum
Róm	12°C heiðskýrt
Berlín	6°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með droupum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Jónar Transport fluttir í Kjalarvoginn!

Sama símanúmer
535 8000

JÓNAR TRANSPORT

Kjalarvogi · 104 Reykjavík · www.jonar.is



Nýtt kreditkort með nýju sniði!

- Afsláttur á bensíni í hvert sinn sem þú notar kortið á EGO stöð
- Afsláttur í völdum verslunum og fyrirtækjum
- Hellingur af spennandi sértilboðum hjá samstarfsaðilum
- Engin árgjöld! Engin færslugjöld!
- Mastercard ferðaávisun

EGO kortið er nýtt, alþjóðlegt kreditkort sem *SPRON* gefur út í samstarfi við EGO bensínstöðvarnar og það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

Kíktu á ego.is og sæktu um **EGO kortið** fyrir **1. mars**. Þú gætir unnið

lúxusferð fyrir 4 á Chelsea – Arsenal. Fjölmargir aðrir glæsilegir vinningar í boði.

EGO kortið – Kemur þér til góða!

Sæktu um á ego.is eða spron.is. Nánari upplýsingar í síma **550-1400**





Gegnheil gæði og gott verð



Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Mazda3 er sérstaklega ríkulega búinn bíll þar sem saman fara falleg hönnun, frábærir eiginleikar og einstakt verð.

Mazda3 T 5 dyra 1,6 | kostar aðeins

Rúkhlutir á mynd: ólfeigur

1.795.000 kr.

**Kynntu þér fjölda freistandi tilboða!
Sími 540 5400**



Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð. Gæðin eru augljós. Opið frá kl. 12-16 laugardaga

Söluumboð:

Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ

Hinn og haf / SIA

RÆSIR HF

Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Með hverjum rappaði fjármálaráðherra í sjónvarpsþöfnun um helgina?
- 2 Á hvaða tungli Satúrnusar lenti geimfarið Huygens?
- 3 Hvað heitir ríkislögrelustjóri?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Teikningar Muggs úr tveggja ára vörslu sýslumanns: Sýslumaður hættir rannsókn meints stuldar

LÖGREGLUMÁL Sýslumaðurinn á Patreksfirði hefur fellt niður kærur á stuldi þriggja teikninga Muggs. Kærufrestur vegna ákvörðunarinnar rennur út á mánudag.

Teikningarnar hafa verið í geymslu sýslumanns í tvö ár eða frá því að þær voru sóttar á myndlistarsýningu á Bíldudal, sem sá kærði hélt.

Rekja má málið til ársins 1991. Kærandi, eldri kona í Króksfjarðarnesi, segir að hún hafi keypt teikningarnar af galleríi í Reykjavík og falið því geymslu á þeim.

Tónlistarkennari hennar hafi farið þangað og sótt þær án hennar leyfis. Sá kærði segir teikningarnar hafa verið gjöf til sín, samkvæmt frétt DV í janúar 1994.

Þórólfur Halldórsson sýslumaður á Patreksfirði segir að á sínum tíma hafi verið lagt hald á teikningarnar eins og hvert annað meint þýfi. Sú ákvörðun hafi verið byggð á 112. grein laga um meðferð opinberra mála. Mat á sönnunargögnum hafi leitt til þess að myndirnar hafi verið teknar af sýningunni. Hann geti ekki tjáð sig að öðru leiti um málið. - gag



MUGGUR

Kona í Króksfjarðarnesi kærði stuld á þremur teikningum Muggs sem hún segir sínar. Hún segir tónlistarkennara sinn hafa tekið þær úr vörslu gallerís án hennar leyfis.

Afgreiðslu frestað: Sundabraut bíður enn

BORGARMÁL Frestað var á fundi borgarráðs Reykjavíkur í vikunni afgreiðslu á tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um Sundabraut.

Tillaga borgarfulltrúanna gengur út á að farin verði innri leið við lagningu brautarinnar með þeim breytingum sem Skipulagsstofnun hefur lagt til. Þá er lagt til að undirbúningi málsins verði hraðað eftir megni í samvinnu við Vegagerðina og því verði beint til skipulagsnefndar borgarinnar að hefja þegar vinnu við nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi vegna lagningu brautarinnar. - óká

Austurbýggð: Helmingi fleiri börn

HAGTÖLUR Fjöldi barna á fyrsta ári í Austurbýggð er 2,4 prósent byggðarlagsins, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar. Það eru helmingi fleiri ungbörn en landsmeðaltal segir til um, en það er 1,3 prósent.

Steinþór Pétursson, sveitarstjóri Austurbýggðar segir ástæðuna að í byggðinni sé mikið af ungu fjölskyldufólki. „Það skemmir heldur örugglega ekki fyrir að síðkvöldin á Suðurfjörðunum eru falleg og rómantísk.“ - kk

Fjarðabyggð: Samið við Sjóvá

TRYGGINGAR Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa samið við Sjóvá – Almennar um allar tryggingar sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára. Samningurinn var gerður að undangengnu útboði þar sem Sjóvá – Almennar buðu lægst en tilboð félagsins hljóðaði upp á tæpar 6,7 milljónir króna. Vátryggingafélag Íslands bauð rúm- ar 7,5 milljónir króna og Tryggingamiðstöðin tæpar 7,8 milljónir króna. Fjarðabyggð var áður með tryggingar sínar hjá Vátryggingafélagi Íslands. - kk

Útsvarstekjurnar hafa allt að þrefaldast

Útsvarstekjur sveitarfélaganna fyrir austan hafa allt að þrefaldast vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka. Misjafnt er hvort og þá hversu miklar tekjur sveitarfélögin hafi af starfsmönnum á utangarðsskrá.

KÁRAHNJÚKAR Sveitarstjórnir í Fljótsdalshéraði og Fljótsdalshreppi segja að tekjur sveitarfélaganna hafi aukist talsvert með tilkomu erlendra starfsmanna Impregilo, þó ekki í sama mæli og búast hefði mátt við þar sem treglega hafi gengið að fá réttar tölur vegna þess hversu margir erlendir starfsmenn séu utangarðs í skráningunni.



EIRÍKUR BJÖRN BJÖRGVINSSON Útsvarstekjur sveitarfélaganna fyrir austan hafa allt að þrefaldast með framkvæmdunum á Kárahnjúkum.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, segir að útsvarstekjur sveitarfélagsins hafi þrefaldast frá því áður en framkvæmdir hófust á Kárahnjúkum, aukist úr 16 milljónum króna 2003 í 45

milljónir áætlaðar í fjárhagsáætlun 2005. Þar komi ekki bara til tekjur vegna erlendra starfsmanna heldur líka auknar tekjur á almennum markaði.

„Við höfum hvorki aðgang að né höfum við lagst ofan í álagningu einstakra starfsmanna en gætum sjálfsagt gert það með samþykki skattstjóra. Á síðasta ári var þetta að miklu leyti áætlun skattstjóra. Útsvarsgreiðslur einstaklinganna hafa verið að skila sér inn en kærufrestur er ekki runninn út,“ segir hún.

Eiríkur Björn Björgvinsson, sveitarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir að útsvarstekjur sveitarfélagsins hafi aukist um 239 milljónir króna milli ára. Íbúum í sveitarfélaginu

hafi fjölgað um 433 í fyrri, þar af um 360 vegna Impregilo. Þá séu um 443 starfsmenn á svokallaðri utangarðsskrá þjóðskrár. Mis- munandi sé hvort sveitarfélagið hafi tekjur af þeim eða ekki og þá hversu miklar.

Verið er að vinna í því að fá upplýsingar um réttan fjölda starfsmanna Impregilo og þar með réttar útsvarstölur vegna starfsmanna fyrirtækisins á Kárahnjúkum til að „tryggja það að við fáum það sem okkur ber,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



FRAMKVÆMDIR Á KÁRAHNJÚKUM Meðan starfsmenn Impregilo og annarra verktakafyrirtækja vinna við framkvæmdir á Kárahnjúkum reyna yfivöld að fá réttar tekjur í kassann.

Hundruð á utangarðsskrá

Óljóst er hversu margir erlendir starfsmenn eru á Kárahnjúkum og hvenær og hversu lengi þeir dveljast þar. Þetta er alvarlegt með tilliti til almannavarna á svæðinu.

KÁRAHNJÚKAR Talið er að starfsmenn Impregilo og annarra verktaka á Kárahnjúkum séu um 1.000 talsins, þar af er áætlað að erlendir starfsmenn séu um eða yfir 800. Þetta er þó ekki alveg vitað og þykir alvarlegt, ekki síst vegna al-

mannavarna ef ógnir stæðja að íbúum á svæðinu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, segir að um 600 erlendir starfsmenn séu skráðir hér á landi og talið sé að 200-300 vanti á skrá en

erfitt sé að áætla þetta því að hin mikla starfsmannavelta geti skekkt myndina. Eiríkur Björn Björgvinsson, sveitarstjóri Fljótsdalshéraðs, telur hins vegar að tæplega 450 útlendingar séu á utangarðsskrá.

Verið er að vinna í því að fá upplýsingar um réttan fjölda erlendra starfsmanna og þá fyrst og fremst frá Impregilo. Þetta er gert í gegnum Útlendingastofnun, Hagstofuna og Vinnumálastofnun en starfsmenn þessara stofnana eru að koma sér upp vinnulagi fyrir skráningu.

Gunnþórunn telur þó að enn vinni útlendingar á Kárahnjúkum án þess að vitað sé af þeim. „Mér sýnist að erlent vinnuafli komi eins og aðrir útlendingar til landsins og starfi hér áður en þessi ferill fer í gang. En sjálfsagt eru allir að reyna að gera sitt besta til að koma upp vinnulagi til að koma í veg fyrir þetta,“ segir hún.

Það að ekki sé til nákvæmar upplýsingar um íbúafjölda á Kárahnjúkum þykir skæmt með tilliti til útsvarstekna og ekki síður alvarlegt með tilliti til almannavarna á svæðinu. „Þetta skiptir máli fyrir sveitarfélagið,“ segir Eiríkur.

- ghs

Kókaínkafteinninn Afhenti sendibílastöð hreint saka- vottorð



DV

– hefur þú séð DV í dag?

STARFSMENN IMPREGILO

Alvarlegt þykir með tilliti til almannavarna að ekki sé nægilega mikið vitað um fjölda erlendra starfsmanna á Kárahnjúkum.



SIGRI FAGNAD

Tugþúsundir íbúa El Alto héldu til La Paz, höfuðborgar Bólívíu, til að fagna því að samningur við franskt fyrirtæki um að sjá borginni fyrir vatni var numinn úr gildi. Samningurinn hefur valdið mikilli óánægju meðal borgarvæðna, sem segja þjónustu fyrirtækisins lélega og allt of dýra auk þess sem möguleikar þeirra til að afla sér vatns með öðrum hætti séu takmarkaðir.

Fiskveiðar 2004: Minna veitt en árið áður

SIÁVARÚTVEGUR Heildarafli síðasta árs var 1.723 þúsund tonn, heldur minni en afli ársins 2003 sem var 1.979 þúsund tonn 2003.

Í tilkynningu Fiskistofu kemur fram að minni afli uppsjávartegunda skýri muninn á milli ára, sem er um 256 þúsund tonn. „Árið 2004 telst meðalár miðað við aflla undanfarins áratugar. Botnfiskafli var meiri en í meðallagi. Að því er uppsjávarvegundir varðar þá var aflinn þokkalegur þó hann væri minni en flest undanfarin 10 ár sem öll teljast til bestu afllaára í uppsjávarveiðum. Rækjuafl var í lágmarki og hörpuðiskveiðar lágu niðri,“ segir Fiskistofa. —óká

Húsavík: Seley til Grindavíkur

SKIPASALA Bæjarráð Húsavíkur hefur samþykkt að leggja til við bæjarsjórn að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á rækjuskipinu Seley PH-381.



SELEY PH-381

Líklega verður skipið selt til Vísis í Grindavík. Hér sést það liggja við bryggju á Akureyri.

Íshaf á Húsavík er eigandi Sel-eyjar, en gerður hefur verið samningur við Vísi í Grindavík um kaup á skipinu. Áður en af þeim kaupum gæti orðið urðu bæjaryfirvöld á Húsavík að falla frá forkaupsrétti sínum. —kk

Orð mín skildust öðruvísi en ég ætlaði, sagði Bush:

Orðavalið var óheppilegt

BANDARÍKIN. AP „Stundum hafa orð afleiðingar sem þú ætlar þeim ekki,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti þegar hann viðurkenndi fyrir hópi blaðamanna að orðaval hans eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 og skömmu eftir innrásina í Írak hefði verið óheppilegt.

Bush hefur stundum verið legið á hálsi að hann hafi verið of herskár í tali þegar hann talaði um að finna Osama bin Laden dauðan eða lifandi. „Það er gamalt veggspjald í vestrinu sem ég man eftir, á því stendur: Leitað, dauðs eða lifandi,“ sagði Bush nokkrum dögum eftir hryðjuverkaárásirnar

í New York og Washington. Bush sagði blaðamönnum að Laura Bush, eiginkona hans, hefði skammað sig eftir að hann lét orðin falla og hann þá sagt henni að þetta hefði komið í huga hans en ekki verið æft.

„Látið þá koma,“ er önnur setning sem Bush var skammaður fyrir. Hana lét hann falla þegar hann ávarpaði bandaríska hermenn í júlí 2003. Hann sagði að ef einhverjir sættu sig ekki við veru Bandaríkshers í Írak væri hernum að mæta og var hann gagnrýndur fyrir að gera lítið úr þeirri hættu sem hermenn stæðu frammi fyrir. ■



BUSH VIÐ

VARNARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Donald Rumsfeld varnarmálaráðgjafi tók á móti George W. Bush Bandaríkjaforseta og Dick Cheney varaforseta við inngang varnarmálaráðuneytisins þegar þeir leituðu upplýsinga um aðstoð vegna flóðbylgjunnar í Asíu og baráttuna gegn hryðjuverkum.

Kjarnorkudeila: Vilja hefja viðræður

SUDUR-KÓREA. AP Norður-Kórestjórn kann að hefja viðræður um kjarnorkuáætlun sína á næstu vikum og það á vinsamlegri nótum en áður, sögðu bandarískir þingmenn skömmu eftir komu sína frá Norður-Kóreu.

„Sameiginleg niðurstaða okkar eru sú að Norður-Kórestjórn sé reiðubúin að hefja sex ríkja viðræðurnar á ný,“ sagði repúblikaninn Curt Weldon. Þau sex ríki sem hafa leitað lausnar á deilunni um kjarnorkuvopnaáætlun Norður-Kóreumanna eru Suður-Kórea, Kína, Japan og Rússland auk Bandaríkjanna og Norður-Kóreu. ■

Eiga Íslendingar að segja EES-samningnum upp?

Ragnar Arnason hagfræðiprófessor vakti athygli fyrir þá skoðun sína að Íslendingar ættu að segja upp samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ragnar segir að skapadægur EES-samningsins séu skammt undan og að í raun hafi hann ekki mikið gildi hvað tolla og markaðsaðgengi snertir.

SVEINN HANNESSON

Ekki raunhæf hugmynd

„Mér finnst það afsþyrnuvond hugmynd,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri samtaka iðnaðarins. Sveinn segir Ísland vera hluta af innri markaði Evrópu og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tryggir það fyrst og fremst.

„Það er mikill misskilningur ef að menn halda það að við getum sagt upp samningnum en jafnframt tínt út úr honum það sem okkur hentar og látið annað vera það sem við teljum að henti okkur síður og síðan gengið í burtu án nokkurs tilkostnaðar. Það mun enginn vilja versla við okkur á þessum skilmálum. Þetta er ekki raunhæfur kostur og mjög vitlaus hugmynd.“



FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Purfum að kanna tvíhliða samninga

„Ég myndi ekki segja að við ættum að segja samningnum upp en við eigum að leggja í þá vinnu að kanna í alvöru tvíhliða samninga við Evrópu-sambandið ef sú staða kæmi upp að Noregur myndi ganga í sambandið og EES-samningurinn myndi líða undir lok,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ.

Friðrik segir að uppsögn EES-samningsins hefði ekki endilega mikið að segja fyrir útflutning sjávarafurða. „Við vorum með samning við ESB áður en EES-samningur kom til og það er ekkert sem segir að við gætum ekki haldið slíkum samningum. Það þarf fyrst og fremst að skoða rækilega hvaða möguleikar felast í tvíhliða samningi við ESB.“



ÓLAFUR KVARAN

Ekkert sem kallar á uppsögn

Satt að segja hef ég ekki sannfæringu fyrir því hvort við eigum að segja þessum samningi upp eða ekki,“ segir dr. Ólafur Kvaran, forstöðumaður Listasafns Íslands.

Ólafur segist telja að það myndi hafa lítil áhrif á innflutning á listamönnum eða listaverkum þó að EES-samningnum væri sagt upp þó vissulega sé hægt að nálgast styrki í gegnum hann. „Ég kem hins vegar ekki auga á neitt á menningarsviðinu sem kallar á þá afstöðu að honum sé sagt upp eða að hann standi okkur á nokkurn hátt fyrir þrifum.“



RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON

Færir menntakerfinu mikil tækifæri

„Við eigum klárlega ekki að segja samningnum upp,“ segir Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst. Runólfur segir að EES-samningurinn færi íslensku menntakerfi veruleg tækifæri og fjármuni. „Háskólagreirn fær verulega styrki til rannsókna og þróunar úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins sem við njótum góðs af með aðild okkar að EES-samningnum. Þá gerir samningurinn fjölda íslenskra námsmanna kleift að stunda nám í Evrópu. Hér á Bifröst fer um helmingur nemenda okkar utan í háskólanám og langflestir þeirra til Evrópu og fær styrki til þess. Það að vera hluti að evrópska menntakerfinu skiptir miklu máli fyrir menntakerfið og samfélagið í heild.“



ALLT FYRIR EKKERT

Alþingi samþykkti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið í janúar árið 1993 eftir mikið brambolt. Aðildarviðræður höfðu hafist árið 1989 en ýmsir innan stjórnarflokkananna voru tvístígandi vegna samningsins. Það meðal annars varð til þess að Jón Baldvin Hannibalsson sleit stjórnarsamstarfi vinstri flokkananna eftir kosningar 1991 og myndaði stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Í maí 1992 var samningurinn um stofnun EES samþykktur en aðild Íslands var háð samþykki Alþingis. Næstu níu mánuði var mikið karpað um málið á þingi þangað til það var loks samþykkt. Jón Baldvin taldi samninginn svo hagstæðan Íslendingum að segja mætti að þeir fengju allt fyrir ekkert.



Snjómokstur á Akureyri:

Tvær milljónir á dag

SAMGÓNGUR Kostnaður Akureyrarbæjar vegna snjómoksturs síðustu daga er um tvær milljónir króna á dag. Þurft hefur að moka daglega frá 14. desember og að sögn Tryggva Marinóssonar, forstöðumanns Framkvæmdamiðstöðvar Akureyrarbæjar, er það óvenju löng torn.

Tryggvi segir að ef ekkert lát verði á ofankomunni stefni í mjög kostnaðarsaman vetur fyrir Akureyrarbæ, hvað varðar snjómokstur. „Fram að jóluþurftum við ekki að aka snjónum í burtu og þá var kostnaðurinn við snjómoksturinn um ein milljón á dag. Nú er svo mikið af snjó að við þurfum að losna við hann frá götunum og þá tvöfaldast kostnaðurinn,“ segir Tryggvi.

Á milli 30 og 40 starfsmenn koma að snjómokstri á Akureyri og notast þeir við 20 til 25 ruðningstæki til að halda götum bæjarins greiðfærum. Mokstur hefst að jafnaði klukkan 4 á morgnana og stendur oft fram á kvöld.



SNJÓMOKSTUR Á AKUREYRI

Til að halda götum og gönguleiðum opnum eru notuð ruðningstæki af ýmsum stærðum og gerðum.

—kk

www.gitarskoli-olgauks.is

gítar

skóli ólafs gauks

Innritun stendur nú yfir í sínum 588-3630 og 588-3730, eða í skólanum að Síðumúla 17, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is. Í boði er fjölbreytt nám með vönduðu náms efni fyrir alla aldursflokka, bæði byrjendur og þá sem kunna eitthvað fyrir sér. Nánari upplýsingar um skólann og námsleiðir er að fá á heimasíðunni: www.gitarskoli-olgauks.is eða í skólanum á innritunartíma, en innritað er alla virka daga kl. 14:00 til 17:00. Einnig sendum við upplýsingabækling þeim sem þess óska.

Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn

Sendum vandaðan upplýsingabækling

Heimasíða: **www.gitarskoli-olgauks.is**

588-3630
588-3730

INNTRITUN DAGLEGA KL. 14-17



það verður ekki hjá því komist að

loka

10-11 Lág múla frá miðnætti í kvöld mánudag vegna breytinga

opnum

nýja og glæsilega verslun miðvikudaginn 19. janúar kl. 9



...þegar þér hentar

opið verður allan sólarhringinn í 10-11 Glæsibæ á meðan

EFTIRMÁL: KAUP TJALDS Á ÚA 13. JANÚAR 2004

Er um reynslunni ríkari

Feðgarnir í Tjaldi, Kristján Guðmundsson og bræðurnir Guðmundur og Hjálmar, keyptu Útgerðarfélag Akureyringa fyrir rúmu ári síðan, nánar tiltekið 13. janúar 2004, þegar sjávarútvegsstoð Brims var leyst upp og seld í þremur einingum. Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims eins og fyrirtækið heitir nú, segir að þeir séu reynslunni ríkari.

„Við lentum í Sólbaksmálinu og það var alveg ný reynsla að takast á við stéttarfélag sjómanna,“ segir hann og telur rekstur Brims eins og við sé að búast. „Hann hefur gengið ágætlega en auðvitað að bjuggumst við ekki við svona sterkri krónu. Við bjuggumst líka við aukningu á þorskvóta en það gekk ekki eftir þannig að það hefur aðeins sett strik í reikninginn. En annars hefur þetta gengið ágætlega,“ segir Guðmundur.



GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON
Forstjóri Brims segir að þeir feðgarnir séu nú reynslunni ríkari.

Spurður um hvernig sameining fyrirtækjanna, Tjalds og ÚA, hafi gengið segist Guðmundur verða að vera heiðarlegur: Sameining fyrirtækja sé alltaf erfiðari en maður haldi í upphafi. „Það eru ólíkar venjur og menning í fyrirtækjum

unum þannig að maður vanmetur það oft,“ segir hann og útskýrir að vinnan við sameininguna hafi verið miklu meiri en hann hafi talið í upphafi. Brim er að reyna að stimpla sig inn sem fyrirtæki á landsvísu, ekki bara sem fyrirtæki á Akureyri, og það telur Guðmundur að muni taka sinn tíma. Mikil uppstokkun hefur verið í söluálagum á fiski og í nánustu framtíð telur hann að Brim verði mest upptekið af markaðsmálunum eins og aðrir í greininni.

„Það biður okkur gríðarleg vinna að ákveða hvernig við ætlum að selja okkar fisk, hvort við ætlum að selja hann í samstarfi með öðrum, ætlum við að vera bara framleiðendur eða ætlum við að fylgja vörnunni alla leið inn á markaðinn. Það verður aðalvinnan þetta árið.“

HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



Kalda vatnið kostar hvern íbúðareiganda í Reykjavík 2.799 krónur á ári. Auk þess borgar hann til viðbótar 108 kr. á hvern fermetra íbúðarinnar.

MÍÐAÐ ER VIÐ GJALDSKRÁ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR. BÍLSKÚRAR ERU UNÐANPEGNIR VATNSGJALDI.

24

stundir

SJÓNARHÓLL ORKUVEITA REYKJAVÍKUR



JÓN GNARR

Gott hús kostar peninga

Kostnaður við byggingu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur fór umtalsvert fram úr áætlunum. „Það kostar alltaf peninga að byggja gott hús,“ segir Jón Gnarr. „Ég hef verið að skoða skúra hjá BYKO og það er stór verðmunur á minnstu skúrunum og stóru skúrunum og á þeim er mikill gæðamunur. Miðað við verð hlýtur þetta að vera rosalega gott hús. Ég hef reyndar bara skoðað það utan frá, það hallar. Ef fólk er að gera hús á að gera það almennilega, eða sleppa því. Ef maður ætlar að fá gæði, þá þýðir ekkert að hugsa um sparnað. Orkuveitan á nóga peninga, þannig að þeir mega alveg byggja og eyða þeim eins og þeir vilja. Ég geri ráð fyrir því fyrst það er svona dýrt, að öllum sem eru í því líði vel.“

Jón bætir því við að þessi bygging hafi opnað fyrir nýja möguleika fyrir íslenska auglýsingagerð. „Það er ofboðslega mikið tekið þarna upp af flottum íslenskum auglýsingum.“

Öryggisverðir gæta eitt hundrað milljóna

Í Listasafninu á Akureyri gefur nú að líta það sem flesta dreymir um en fæstir fá; brakandi peningaseðla í bunkatali. Samtals 108 þúsund íslenskir peningaseðlar. Von er á fjölmörgum erlendum blaðamönnum til að fjalla um sýninguna.

LIST Sýningin Stríðsmenn hjartans var opnuð síðastliðinn laugardag en hún er sett upp í samvinnu listamannsins Ashkan Sahihi og Hann-



SEDLASKÚLPTÚR

Bandarískt fyrirtæki, E-flux Media, var fengið til að kynna sýninguna með því að senda fréttatilkynningu í tölvupósti til safna, gagnrýnenda og listamanna víðs vegar um heiminn. Samtals 33.174 bréf.

esar Sigurðssonar, safnstjóra Listasafnsins á Akureyri. Sýningin samanstendur af ellefu gömlum og hrörlegum sjúkrarúmum, ellefu stórum ljósmyndum af eiturfjafnotendum, tíbeskum munkasöng og eitt hundrað milljónum íslenskra króna í seðlum.

Að sögn Hannesar er um einstæða sýningu að ræða. „Aldrei áður hefur önnur eins gomme af seðlum verið til sýnis á víðavangi listanna, hvorki hér heima né erlendis. Hugmyndin kviknaði í vor og hef ég síðan að mestu haldið henni leyndri en legið undir feldi og mótað sýninguna. Landamæri listamannsins og safnstjórans runnu saman í eina listræna heild í þessari sýningu,“ segir Hannes.

Sýningin er ekki sú dýrasta sem sett hefur verið upp í Listasafninu á Akureyri og segir Hannes að tryggingarverðmæti höggmynda-sýningarinnar Meistarar formsins,



HANNES SIGURÐSSON SAFNSTJÓRI

Á sýningunni eru 50 þúsund fimfhundruð króna seðlar.

sem sett var upp á safninu sumarið 2003, hafi verið nærri sjöfalt hærra. Í tengslum við þessa sýningu hefur hins vegar þurft að gera meiri öryggisráðstafanir en á fyrri sýningum. Nýtt öryggiskerfi er í húsinu og eru öryggisverðir á vakt allan sólarhringinn. Starfsfólk safnsins hefur fengið árárhappa og lögregla og Securitas hafa samræmt sérstaka aðgerðaáætlun til að bregðast við ef einhverjir reynast of sólgirnir í listina.

Hannes segir að hann sjálfur fái ekki að vita um alla þætti öryggis-gæslunnar. „Öryggisverðir Securitas tóku völdin á safninu daginn sem milljónirnar 100 komu hingað í tveimur stórum stálkistum. Ég hef því misst húsbóndavaldið á safninu og þarf að leita til öryggisvarðanna þegar ég fer inn og út úr húsinu.“

Sýningin hefur verið kynnt vítt og breitt um heiminn, í samstarfi

við Ferðamálaráð og sendiráð Íslands, og segir Hannes að von sé á blaðamönnum frá mörgum heimsþekktum fjölmiðlum sem fjalla muni um sýninguna. Þar á meðal eru blaðamenn frá Vogue, Financial Times, Style and Spex, TAZ, Süddeutsche Zeitung, Berliner Zeitung og SZ í Tel Aviv. kk@frettabladid.is



BJÖRN JÓHANNESSON OG ARINBJÖRN KÚLD

Starfsmenn Securitas vakta safnið og koma í veg fyrir að gestir gerist of nærgöngulir við sýningargripina.

Nýr opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá
kl. 10:00 til 14:00

Bréfabindi

A4 8cm kjölur
A4 5cm kjölur

148.- m.vsk



Mopak ljósritunarpappír

500 blöð í bunti

278.- m.vsk



Töflutúss 2mm

4 lita sett

298.- m.vsk



Skrifstofuvörur á tilboði í janúar

Ljósritunarpappír, bréfabindi, töflutúss og gatapokar



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



SkodaSuperb

Þægindi, gæði og mikilvæg smáatriði einkenna þennan glæsilega bíl, flaggskip Skoda. Skoda-verksmiðjurnar eru einhverjar þær fullkomnustu í heiminum. Þar eru gerðar ströngustu kröfur um gæði og útlit. En þegar Skoda Superb kemur á götuna er komið að þér að gera kröfur.

Skoda Superb er lúxusbíll og kostar aðeins 2.390.000 kr.

Afborgun á mánuði er aðeins 23.443 kr.*



Superb **2.390.000 kr.**



Fabia Terno **1.490.000 kr.**

SkodaFabia

Fæst nú einnig sjálfskiptur í Combi-útgáfu

Skoda Fabia sameinar sportlegt útlit og einstakt notagildi. Billinn er búinn ríkulegum staðalbúnaði en fæst nú með veglegum aukahlutapakka á frábæru verði. Meðal aukabúnaðar má nefna rafmagn í framrúðu, geislaspilara, þokuljós í stuðara, leður á stýri, gírstöng og handbremsu. Síðast en ekki síst er billinn með sóllúgu og 14" álfelgum, sem gera hann enn glæsilegri.

Svona búinn kostar Skoda Fabia Terno aðeins 1.490.000 kr. Það er vit í því.

Afborgun á mánuði er aðeins 14.615 kr.*

SkodaOctavia

Skoda Octavia hefur hlotið frábærar viðtökur, sem kemur svo sem ekki á óvart. Hönnun, tæknileg fullkomnun og strangt gæðaeftirlit gera Skoda Octavia að yfirburðabil í sínum verðflokki. Samanburður við helstu keppinauta er því nánast ósanngjarn.

Athugið að álfelgur og rafdrifnar rúður eru staðalbúnaður.

Skoda Octavia Terno kostar aðeins 1.745.000 kr.

Afborgun á mánuði er aðeins 17.116 kr.*



Octavia Terno **1.745.000 kr.**

4X4



Octavia Combi 4x4 **2.030.000 kr.**

SkodaOctavia Combi 4x4

Glæsilegur fjölskyldubíll með aldrif og einstaka aksturseiginleika. Hefur reynst frábærlega við íslenskar aðstæður. Billinn er sérlega rúmgóður og sagt er að hann geti flutt fjöll ... nánast.

Skoda Octavia Combi 4x4 með 2 lítra vél kostar aðeins 2.030.000 kr.

Afborgun á mánuði er aðeins 19.913 kr.*

LÝSING



FBL GREINING: PARÍSARKLÚBBURINN

Óformleg samtök með ógnarmikil áhrif

Parísarklúbburinn svokallaði samþykkt á dögnum að ríki á hamfarasvæðinu í Suðaustur-Asíu mættu fresta afborgunum til sín. Þá samþykkti klúbburinn seint á síðasta ári að eyða skuldum Íraks og fékk önnur ríki á borð við Rússland í för með sér.

Óformleg samtök ríkra þjóða Parísarklúbburinn eru óformleg samtök nítján iðnríkja og hefur það yfirlýsta hlutverk að aðstoða önnur ríki við endurfjármögnun skulda.

Samtökin draga nafn sitt af því að árið 1956 funduðu argentínskt yfirvöld með helstu lánardrottum sínum í París. Síð-



an þá hefur Parísarklúbburinn, eða lönd innan hans vébanda, gert 386 samninga við 80 ríki um endurfjármögnun skulda. Aðildarríki samtakanna eru rík-

ustu lönd heims og stærstu lánardrottur heims. Þeirra á meðal eru öll Norðurlandríkin að Íslandi undanskildu í samtökunum. Aðildarríkin hittast tíu til ellefu sinnum á ári í París til að ræða sín á milli um skuldastöðu einstakra þjóða og hvernig sé best tekið á skuldastöðu þróunarríkja. Formaður Parísarklúbbsins er Jean Pierre Jouyet.

Sakaðir um pólitíska hentistefnu Parísarklúbburinn vinnur eftir nokkrum grundvallarreglum sem ríki verða að

fallast á þegar skuldir þeirra eru endurfjármagnaðar. Ein af reglum er sú að ekkert aðildarríki samtakanna má hagnast af endurfjármögnun skulda annarra ríkja.

Parísarklúbburinn á sér ófáa gagnrýnendur sem saka samtökin um að reka pólitíska hentistefnu gagnvart skuldugum ríkjum og endurfjármagni ekki skuldir þeirra sem þeim hagnast ekki. Árið 1999 lýstu samtökin yfir miklum áhyggjum vegna stigvaxandi skuldahala kúbanskra yfirvalda en féllust ekki á að endurfjármagna skuldir þeirra. Þá telja margir óeðlilegt að óformleg samtök á borð við Parísarklúbbinn hafi jafn mikil áhrif og raun ber vitni og segja þau hafa framtíð margra ríkja í hendi sér.



Darraðardans dollarans

Bandaríkjadalur er lítills metinn á gjaldeyrismörkuðum þessa dagana á meðan gengi krónunnar er svimandi hátt. Hvorugt er gott, að mati þriggja sérfróðra reynslubolta.

EFNAHAGSMÁL Gengi Bandaríkjadals hefur verið svo dapurt upp á síðkastið að margir eru farnir að spá endalokum hans sem alþjóðlegrar viðmiðunarmyntar. Um leið stígur gengi krónunnar svo bratt að til vandræða horfir. Jónas H. Haralz og Stefán Pálsson, fyrrverandi bankastjórar Landsbanka og Búnaðarbanka, og Kristján Ragnarsson, forsvarsmáður útgerðarmanna um árabíl, hafa skoðanir á efnahagsmálunum enda eru þeir eldri en tvævetur í þessum málum.

Dánarvottorð ótímabært

Bandaríkjadalur öðlaðist yfirburðastöðu sína á alþjóðagjaldeyrismarkaði eftir síðari

heimsstyrjöld. „Iðnaður Bandaríkjamanna óx og dafnaði á stríðsárunum þegar hann var lagður í rúst í Evrópu og Japan. Þannig fá þeir yfirburðastöðu sem þeir nota mjög skynsamlega til þess að hjálpa öðrum löndum til framþróunar sem varir í áratugi á eftir,“ segir Jónas um ástæður þessa.

Nú er dalurinn hins vegar í sögulegu lágmarki og eru þeir félagar sammála um að langvarandi viðskiptahalli Bandaríkjamanna sé orsök. „Þótt þeir séu miklir og voldugir og þeirra hagkerfi vel búið þá lúta þeir sömu lögmálum og aðrir. Það er ekki hægt að eyða og spenna umfram það sem menn hafa yfir að ráða eins og þeir hafa gert í



JÓNAS H. HARALZ

langan tíma,“ bætir Jónas við.

Lágt gengi dalsins hefur bæði kosti og galla í för með sér fyrir Íslendinga. „Við höfum átt veruleg viðskipti við Bandaríkjamenn þótt þau hafi farið minnkandi. Þar sem verðmæti útflutnings okkar til Bandaríkjanna er meira en innflutnings þaðan eru þetta slæm tíðindi fyrir okkur,“ segir Stefán. Kristján tekur í svipaðan streng en bendir þó á að olíuviðskipti fari fram í dollurum og það mildi áhrifin á útflutningsatvinnuvegina.

Þótt staðan sé dökk eru félagarnir allir sammála um að of-

snemmt sé að gefa út dánarvottorð á dollarann sem alþjóðlega viðmiðunarmynt. „Ég trúir ekki öðru en að Bandaríkjamenn sjái nauðsyn þess að efla dollarann, meðal annars með því að vinna bug á viðskiptahallanum,“ segir Stefán. Því síður reikna þeir með að evran leysi dalinn af hólmi í þessum efnum. „Það eru blikur á lofti í Evrópu líka og þar eru öldrunarvandamálin meiri en í Bandaríkjunum,“ bendir Jónas á. „Það er ekki nema að krónan taki við, hún er orðin svo sterk,“ segir Kristján glaðhlakkalega.



PRÓUN GENGIS BANDARÍKJADALS

SMS LEIKUR 299kr. 2 bíómiðar 9. hver vinnur

Sendu SMS skeytið **JA OBF** á númerið **1900** og þú gætir unnið

Fyrstu 300 sem vinna fá miða fyrir 2 á myndina

Vinningar eru:
Miðar fyrir 2 á oldboy
DVD myndir
Margt fleira

oldboy

Vinningar verða afhendir hjá Office 1, Skeifunni, Reykjavík. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

Í fyrra voru 224 miðar dregnir út með milljónavinning og gátu eigendur þeirra eytt honum í hvað sem þeim datt í hug. Samtals greiddi Happpdrætti Háskólans ríflega 750 milljónir króna til miðaeigenda. Spurningin er aðeins hvaða miðar fá vinning á þessu ári! Tryggðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611.



HAPPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



Dregið á morgun!

Loftmengun á Ítalíu:

Bíllinn bannaður í bili

RÓM. AP Íbúar Rómar, Mílanó og annarra ítalskra borga skildu bílana eftir heima í gær en umferð einkibifreiða var bönnuð í nokkrar klukkustundir vegna loftmengunar. Í staðinn notuðust þeir við almenningssamgöngur, reiðhjól og hesta og að sjálfsgöðu fóru einhverjir um á tveimur jafnfljóttum. Knattspyrnuunnendur í Róm og Mílanó fengu þó undanþágu frá banninu til að komast á leikvanga borganna, svo fremi sem þeir gátu framvísað aðgöngumíðum. Upphaflega átti bannið að standa í átta klukkustundir

en það var svo styttnið í fimm tíma.

Loftmengun er alvarlegt vandamál í ítölskum borgum og er útblæstri bifreiða einkum kennt um. Fornminjar liggja undir skemmdum vegna mengunarinnar en af þeim er nóg á þessum slóðum. Til að sporna við menguninni hafa yfirvöld í tilraunaskyni gripið til þess ráðs að takmarka umferð bifreiða í miðborgum Rómar og Mílanó. Bannað er að hreyfa bíla með númer sem endar á oddatölu annan hvern fimmtudag en hina fimmtudagana eru

sléttu númerin geymd heima.

Slíkar ráðstafanir eru ekki einsdæmi í Evrópu. Umferð bifreiða í Aþenu í Grikklandi er takmörkuð eftir svipuðu kerfi vegna loftmengunar og í Lundúnum þurfa ökumenn að greiða toll hyggist þeir aka um í miðborginni. Tollheimtan er þó ekki síður stunduð til að létta á umferðarþunganum en til að slá á mengunina. ■

Í SKUGGA COLOSSEUM

Reiðhjól komu í góðar þarfir í Róm í gær.



KRISTJÁN RAGNARSSON


Brugðið getur til beggja vona

Rétt eins og Bandaríkjamenn glíma Íslendingar við mikinn viðskiptahalla enda þótt gengi krónunnar sé enn mjög hátt. Brugðið getur til beggja vona að mati Jónasar. „Já, mikil ósköp, við þurfum ekki annað en að líta á greiðsluþjónuðinn og verðbólgu-stigið.“ Stefán er rólegri yfir stöðunni, sem hann segir einkum skýrast af stóriðjuframkvæmdum og ætti því að vera tímabundin. Lagist staðan hins vegar ekki er ástæða til að hafa áhyggjur.

Jónas og Kristján sátu á árum áður saman í verðlagsnefnd sjávarútvegsins og ákváðu þar fiskverð. Oft var gengi krónunnar fellt á ögurstundu en handstýrðar gengisfellingar heyra nú sögunni til. Kristján segist ekki vilja snúa aftur til slíkra úrræða. „Manni finnst hins vegar ótrúlegt að gengið geti þróast með svona óhagstæðum hætti fyrir útflutningsatvinnuvegina. Það er ekki hægt að framleiða vörur til útflutnings á þessu gengi, þetta verður að lagfærast með einhverjum hætti. Annars fara sjávarútvegsfyrirtæki á hausinn.“

Nokkur hluti þenslunnar skrifast á líflig fasteignaviðskipti undanfarna mánuði, sem ekki síst eru tilkomin vegna kostakjara bankanna. Stefán hefur áður gagnrýnt svonefnd hundrad prósent lán og Kristján, sem sat í ýmsum bankaráðum, virðist ekki sannfærður um skynsemi slíkra tilboða. „Ég vil ekki leggja dóm á störf manna eftir að ég hef látið af störfum. Hins vegar vita margir að ég er íhaldssamur í þessum efnum og menn geta dregið ályktanir af því.“

svainng@frettabladid.is



STEFÁN PÁLSSON

Skrifstofuhúsgögn á frábæru verði!

Flex-T
vinnustöðvar
30%
kynningarafsláttur



Flex-T vinnustöðvar (180x180cm)
frá **Kr. 46.270**

Mark 30 skrifstofustólar
Kr. 40.900



Hæðarstilling á baki —

Pumpa til að stilla stuðning við mjóhrygg

Hæðarstillanlegir armar

Hellastilling á baki

Hæðarstilling á setu og baki

Veltustilling á setu og baki

Mjúk hjól —

Sleði til að færa setu fram og aftur

Hægt er að stilla stífleika setu og baks eftir þyngd notanda

Flex-T er ný lína vinnustöðva sem Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson hafa hannað. Vinnustöðvarnar eru með þægilegri handvirkri hæðarstillingu, 0-20 cm en fást einnig með rafknúnni, stiglausri hæðarstillingu þannig að ýmist er hægt að sitja eða standa við vinnu. Nú býðst Flex-T á sérstöku kynningarartilboði.

Mark er glæsileg lína skrifstofustóla fyrir vinnustaði og heimili. Hönnuður stólanna er Pétur B. Lúthersson. Hægt er að velja um fjölda lita á áklæði. Nú bjóðum við þessa stóla á frábæru verði.

Á. GUÐMUNDSSON ehf.

Heildarlausnir í skrifstofuhúsgögnum Bæjarlind 8-10 • Sími 510 7300 • www.ag.is



skoðun

SIJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Innanflokksmál stjórnmalaflokkanna eru í brennidepli.

Tímabærar og ótímabærar breytingar

Svo er að sjá sem margir alþingismenn hafi notað fjörtíu daga jólaeyfi sitt, sem enn er ekki lokið, til að íhuga innanflokksmál fremur en þjóðmálin. Yfir landsmálunum er sama deyfðin og fyrr en átök og ráðabrukk um völd, stöður og bitlinga innan stjórnmalaflokkanna blómstra sem aldrei fyrr.

Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, var áberandi í fjölmiðlum um helgina. Það var ekki tilviljun. Ráðherrann bar sig eftir viðtölum af því að hann hefur áhyggjur af því að leynileg samtök séu um það innan flokksins að fella hann í varaformannskjöri á komandi landsfundi flokksins. Ágiskanir eru uppi um að sú hugmynd njóti stuðnings Halldórs Ásgrímssonar flokksformanns, sem vilji Árna Magnússon félagsmálaráðherra í embættið til að undirbúa formennsku hans síðar, en almennt er talað um Árna sem „erfðaprins“ Framsóknar.

Yfir landsmálunum er sama deyfðin og fyrr en átök og ráðabrukk um völd, stöður og bitlinga innan stjórnmalaflokkanna blómstra sem aldrei fyrr.

Ef þetta er á rökum reist er djarft teflt. Skoðanakannair sýna mikinn stuðning kjósenda Framsóknarflokksins við Guðna Ágústsson. Á sama tíma og mynd flokksins hefur harðnað og mörgum finnst að flokksforystan skeri sig ekki nægilega frá Sjálfstæðisflokknum í málflutningi og stefnumálum hefur Guðni að ýmsu leyti verið tákn fyrir framsóknarstefnu fyrri ára. Í honum sjá kjósendur líklega meiri félagshyggjumann og meiri landsbyggðarmann en í flestum öðrum forystumönnum flokksins. Ekki er ósennilegt að verði Guðna strax á vordögum fórnáð fyrir frama Árna Magnússonar geti það skaðað fylgi Framsóknarflokksins. Virðist flokkurinn þó varla mega við frekari áföllum.

ENGIMÝRI. Glæsilegt 280 fm einbýli á þessum eftirsóttu stað. Húsið skiptist í **neðri hæð:** forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús og gestabæðherbergi. **Efri hæð:** Setustofa með arin, hjónaherbergi, tvö rúmgóð barnaherbergi og bæðherbergi. Heitur pottur er á verönd. Hitabæðslukerfi í bílplani. **V. 39,5 m.**

RAÐ- OG PARHÚS

NAUSTABRYGGJA. Stórglæsilegt raðhús á 3.hæðum á þessum margrómaða stað. Fallegar innréttingar sem og gólfefni. Parket og flísar á gólfum. Möguleiki á séríbúð á 1. hæð. Ekki missa af draumeigninni. **Allar nánari uppl. gefur Ólafur í síma 520-6605**

3JA HERBERGJA



NYLENDURGATA. Mjög góð 3ja herb.73 fm íbúð á tveim hæðum á þessum sívinsæla stað sem er búíð að "nostra" við. Parket og flísar á gólfum. Sameiginlegur góður gróin garður. Útgeymsla. **V. 13,9 m**



BERJAVELLIR. HAFNAFIRÐI. Stórglæsileg 3ja herbergja íbúð í valla-hverfinu í Hafnaf. Eignin skiptist í 2 herbergi, bæðherb., þvottahús, stofu og eldhús. Náttúrusteinn og parket á gólf. Sérsmíðaðar innréttingar á baði og í eldhúsi. Sér geymsla í kjallara. **V. 17,2 m**

2JA HERBERGJA

LAUGAVEGUR. 61 fm íbúð með sér inngang á jarðhæð í bakhúsi á Laugaveg til sölu. íbúðin er ný uppgerð, allar lagnir nýjar, allt rafmagn nýtt, nýir gluggar og gler, ný eldhúsinnrétting, bæðherbergi er með baðkari, nýrri innréttingu og tengi fyrir þvottavél. **V. 10,9 m.**

SKÓLATÚN. ÁLFTANES. Mjög góð 2ja herb. íbúð á efri hæð í litlu fjölbýli. Eignin skiptist í stóra og góða forstofu, eldhús með hvítri innréttingu, stofu, svefnherbergi, bæðherbergi og stórt og gott þvottahús sem er inni í íbúð. Parketi og flísar á gólfum. Gengið út á góðar suður svalir út frá stofu. **V. 13,5 m.**

ATVINNUHÚSNÆÐI

SKEIÐARÁS. 182 fm Skristofuhúsnæði um það bil tilbúið til innréttinga. Sér inngangur. Eign sem býður upp á mikla möguleika. VSK kvöð er á eigninni, laus stax. Húsið er álklætt. **V. 12,8 m.**

SUÐURNES



HÁSEYLA - INNRI NJARÐVÍK Falleg 104 fm einbýli með 40 fm bílskúr sem er innréttuð sem íbúð í dag. 4 svefnherbergi, fallegt eldhús. Eignin er björt og vel skipulögð. Eign sem vert er að skoða. **V. 17,5 m.**



FÍFUMÖI. NAJRÐVÍK. Skemmtileg 2ja herbergja íbúð. Eignin skiptist í forstofu, bæðherb., svefnherb., þvottahús, stofu og eldhús. Útgengt út á svalir frá stofu. Herbergi er rúmgott með ágætis skápláss. Góðar innréttingar á baði og í eldhúsi. Sér geymsla í kjallara. **V. 6,9 m**

BLÖNDUBAKKI



Mjög góð 4ra herb. íbúð á 3.hæð með auka herb. í kjallara. Falleg beyki eldhúsinnr. sem og nýleg tæki. Parket og korkur á gólf, flísalagt bæðherb með þvottahúsi/geymslu innaf. 3 rúmgóð herb., fataherb. innaf hjónaherb. Suður svalir. Mjög barnvænt hverfi, stutt í leikskóla sem og skóla. **V. 16,9 m..**

HÁALEITISBRAUT



Rúmgóð 4ra herb. íbúð á 3.hæð á þessum vinsæla stað. Eignin skiptist í eldhús, bæðherbergi, 3 svefnherbergi, stofu sem og borðstofu. Stórar svalir. Parket og flísar á gólf. **V. 15,9 m.**

KAUPENDALISTINN -

VANTAR rað-par eða einbýlishús í seljahverfi með auka íbúð á milli 30-45millj. Ólafur
-VANTAR 4ra herb. íbúð í seljahverfi /grafarvogi. v.14-16millj. Ólafur
-VANTAR 2-3 herb. íbúð í Engihjalla Kóp. Ólafur
-VANTAR 4ra herb. íbúð í Voga/sunda-hverfi. V. allt að 19millj. Ólafur
-VANTAR einbýlishús í Garðabæ. Ve. 35-45 millj. Ólafur
Hef kaupanda á íbúð í Grafarvogi eða í Breiðholti á 11-12 milljónir. Anton
Hef ákveðinn kaupanda á einbýli eða raðhúsi í Ólafsgesla, Grafarholti. Ólafur
Hef kaupanda á íbúð í Hafnarfirði, íbúðin þarf að vera á 2 hæð og má kosta allt að

12 milljónum. Anton
Hef kaupanda á 3-4ja herbergja íbúð í hverfi 101-107-170 má kosta allt að 14 milljónum. Guðni
Hef kaupanda á rað/parhúsi í Árbæ, má kosta 28+ milljónir. Ólafur
Hef kaupanda á 4 herbergja íbúð í Seljahverfi/Mosfellsbæ má kosta allt að 16 m. Anton
Hef kaupanda á 100-120 fm hæð í hverfi 104, má kosta allt að 18 m. Anton
Hef kaupanda á einbýli með landi í Vogum eða Höfnum. Guðni
Hef kaupanda á einbýli- 4-5 herbergja hæð í Hafnarfirði/Grafarvogi. Má kosta allt að 17 m. Anton-

Hef kaupanda á 3 herb íbúð í Hfj (Áslandi)-Hef kaupanda á 3 herb íbúð í hverfi 101 eða 105 má kosta allt að 17 m. Ólafur-
Hef kaupanda á 3 herb íbúð í Árbæ-Grafarholti-Grafarvogi helst með bílskýli eða bílskúr. Anton-
Andri leitar að 4-5 herb íbúð, má kosta allt að 17,5 m. Guðni-
Hef kaupanda á 4 herb íbúð í Sala eða Lindarhverfi í Kópavogi, helst með bílskýli. Ólafur-
Hef kaupanda á rað/parhúsi eða einbýli í hverfi Hvassaleitisskóla, 103 og 108. Lágmarksfjöldi svefnherbergja er 4. Guðni-
Hef kaupanda á íbúð í Árbænum eða þar í kring, má kosta allt að 14 m. Guðni

FASTEIGNAEREIGENDUR ATHUGIÐ!!!

Gerum verðmöt samdægurs án skuldbindinga um sölu fyrir aðeins kr. 7500 án/vsk. Endilega hafið samband við sölumenn Eignakaups.

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER
OPIN ALLA VIRKA
DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER
OPIN UM HELGAR
KL. 9-17

  <p>Ford F-250 Lariat Crew Cab. Skrd. 03/03, e:18.000 Km. 6000 cc. Diesel-Turbo. Sjálfskiptur. Ásett verð 4.290.000 Kr. S:515-7000</p>	  <p>Hyundai Starex 4x4. Skrd. 03/01, e:56.000 Km. 2350cc, bensín, beinskíptur. Ásett verð 1.890.000 kr. S:515-7000.</p>	  <p>Opel Vectra, skrd. 03/99, e:106.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 920.000 kr. Tilboð 690.000 kr. S:515-7000.</p>	  <p>Saab 95, skrd. 09/99, ek. 87.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.890.000 kr. Tilboð 1.690.000 kr. S. 515 7000.</p>	  <p>Opel Astra-G station, skrd. 11/00, ek. 65.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.080.000 kr. Tilboð 880.000 kr. S. 515 7000.</p>	  <p>MMC Space Star, skrd.03/00, e:113.000 km, 1300cc, beinskíptur. Ásett verð 750.000 kr. Tilboð 590.000 kr. S:515-7000</p>
 <p>Citroen Berlingo Van. Skrd. 02/01, e:87.000 km. 1400 cc. Bensín. Beinskíptur. Ásett verð 790.000 Kr. S:515-7000</p>	 <p>Renault Kangoo Van. Skrd. 04/00, e:92.000 km. 1400cc, bensín, beinskíptur. Ásett verð 790.000 kr.m/vsk. Tilboð 599.000,- kr. m/vsk. S:515-7000.</p>	 <p>Ford Mondeo Ghia, skrd. 10/02, e:59.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.070.000 kr. S:515-7000.</p>	 <p>Ford Focus station, skrd. 02/00, ek. 72.000 km, 1400cc, beinskíptur. Ásett verð 890.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Citroen C3, skrd.09/02, ek. 52.000 km, 1400cc, beinskíptur. Ásett verð 1.120.000 kr. Tilboð 999.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Daewoo Nubira SX Station, skrd.11/98, e:124.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 560.000 kr. Tilboð 430.000 kr. S. 515 7000.</p>
 <p>Ford Escort Van. Skrd. 02/00, e:90.000 Km. 1400 cc. Bensín. Beinskíptur. Ásett verð 540.000 Kr.m/vsk. S:515-7000</p>	 <p>Renault Laguna RT. Skrd. 10/1996, e:135.000 km. 2000cc, beinskíptur, dráttarkrúkur. Ásett verð 570.000 kr. Tilboð 470.000 kr. S:515-7000.</p>	 <p>Daihatsu Sirion 4x4, skrd. 10/01, ek. 65.000 km, 1300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 970.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Nissan Terrano, skrd. 07/95, ek. 110.000 km, 3000cc, V6, sjálfskiptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 650.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Lexus IS-200, skrd.07/03, ek. 14.000 km, 2000cc, 6-cyl., beinskíptur. Ásett verð 2.430.000 kr. Tilboð 2.290.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Opel Astra station, skrd. 01/02, ek. 71.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.390.000 kr. Tilboð 1.190.000 kr. S. 515 7000.</p>
 <p>Citroen Berlingo Van. Skrd. 07/02, e:41.000 Km. 1400 cc. Bensín. Beinskíptur. Ásett verð 940.000 Kr.m/vsk. S:515-7000</p>	 <p>Nissan Patrol Elegance, Skrd. 01/04, e:34.000 km. 3000cc, diesel, sjálfskiptur, 35" breytur. Ásett verð 4.590.000 kr. S:515-7000.</p>	 <p>Ford Focus Trend station, skrd. 01/03, ek. 52.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.430.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Mazda 323, skrd. 01/97, ek. 103.000 km, 1500cc, beinskíptur. Ásett verð 590.000 kr. Tilboð 490.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Daihatsu Gran Move, skrd.06/00, ek. 55.000 km, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 790.000 kr. Tilboð 690.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Lexus GS-300 EXE, skrd.05/03, ek. 22.000 km, 3000cc, sjálfskiptur m/öllu. ásett verð 4.350.000 kr. Tilboð 3.950.000 kr. S. 515 7000.</p>
 <p>Renault Kangoo. Skrd. 03/00, e:93.000 Km. 1400 cc. Bensín. Beinskíptur. Ásett verð 780.000 Kr.m/vsk. S:515-7000</p>	 <p>Volvo S60 LPT-Turbo. Skrd. 02/04, e: 9.000 km. 2000cc, sjálfskiptur, leður og margt flr. Ásett verð 3.630.000 kr. Tilboð 3.290.000 kr. S:515-7000.</p>	 <p>MMC Lancer GLXI station, skrd. 08/97 árgerð 1997, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 590.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Opel Vectra, skrd. 03/99, ek. 82.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 970.000 kr. Tilboð 770.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Subaru Legacy, skrd.03/03, ek. 34.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.250.000 kr. Tilboð 1.990.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>MMC Pajero GLX Diesel, skrd. 07/03, ek. 45.000 km, 3200cc, sjálfskiptur. Ásett verð 4.150.000 kr. S. 515 7000.</p>
 <p>Renault Kangoo Van. Skrd. 06/00, e:107.000 km. 1400cc, bensín, beinskíptur. Ásett verð 770.000 kr.m/vsk. Tilboð 670.000 kr. m/vsk. S:515-7000.</p>	 <p>Honda Civic VTI V-Tec, skrd. 09/99, e:123.000 km. 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 980.000 kr. S:515-7000.</p>	 <p>Citroen Xsara SX, skrd. 11/01, 1600cc, beinskíptur. Ásett verð 1.040.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Ford Mondeo Ghia, skrd.03/03, ek. 67.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.020.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Citroen Xsara Picasso, skrd.10/02, e:62.000 km, 1800cc, beinskíptur. Ásett verð 1.470.000 kr. Tilboð 1.290.000 kr. S. 515 7000.</p>	 <p>Peugeot 406 station, skrd. 07/98, ek. 152.000 km, 1800cc, beinskíptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 590.000 kr. S. 515 7000.</p>

TIL SÖLU

Viltu kaupa bifreið beint frá Bandaríkjunum ?

Við erum bandarískt útlutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bifreiðar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandaríkjunum. Óháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum eru til reiðu ef þess er óskað. Háðra samband og fáið starlegan upplýsingabækling. Vörubifreiðar, fólkubílar, þungavinnutæki og hvað sem hugurinn gírnist.

International Ventures LLC, Suffolk, Virginia, USA.
Sími: 1-757-986-3800 Fax: 1-757-986-3801. E-mail: iv@internationalvehicles.com
Meðlimur í Icelandic American Chamber of Commerce.
Skráð hjá Dun & Bradstreet

Adalslipun

Parketslipun - Parketlagningir

Slipun - Lökkun - Ölmeðferð
Vax - Lútun - Viðgerðir
Og allt almennt viðhald

8215880
8212580
info@adalslipun.is

www.adalslipun.is



Trésmiðarvélar & verkfæri.



ÍDNVÉLAR

Hvalyrjarbraut 18-20 220 Hafnarfjörður. Sí: 965-9055

www.idnvelar.is




Flestar fasteignir á visir.is



Leitaðu þar sem úrvalið er mest


Fasteignavefur Vísir er með flestar fasteignir á skrá af öllum fasteignavefjum landsins, samkvæmt talningu 11. - 17. október.

- Ný og betri leitarvél
- Flestar skráðar fasteignir
- Markvissari leit
- Mesta úrvalið - örugg niðurstaða



visir
...UM ALLT!

SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



LAUGARNES-KIRKJA

Laugarneskirkja var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, og var vígð þann 18. desember árið 1949. Kirkjan stendur við Kirkjuteig í Laugarnesprestakalli í Reykjavíkurborg. Kirkjan lætur ekki mikið yfir sér og stendur í hálfgerðum felum inni í Teigahverfinu en er ein fallegasta kirkja landsins og sumir líkja henni við miðaldaklaustur að innanverðu. Hljómburðurinn í kirkjunni er einstakur enda er hún mikið notuð til tónleikahalds. Núverandi sóknarprestur er séra Bjarni Karlsson.



HÚSIN Í BÆNUM
HALLUR MAGNÚSSON

Aukalán vegna sérþarfa

Slys og ýmsir sjúkdómar geta orðið til þess að fólk missi hreyfigetu sína. Íbúðarhúsnæði er því miður oft einungis hannað með þarfir þeirra sem hafa fulla heilsu og hreyfigetu í huga. Þannig verða hreyfihamlaðir, fatlaðir eða fólk með skerta starfsorku oft á tíðum að gera kostnaðarsamar breytingar á íbúðarhúsnæði sínu eða festa kaup á húsnæði sem er dýrara en ella vegna sérþarfa sinna.

Íbúðalánasjóður hefur um árabíl komið til móts við þennan hóp fólks með sérstökum aukalánum, lánnum til einstaklinga með sérþarfir.

Í reglugerðarákvæði um þennan lánaflokk segir að heimilt sé að veita aukalán fötluðum og þeim sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Einnig að heimilt sé að veita aukalán til forsvarmanna þeirra sem búa við slíka fötlun. Umsækjendur um aukalán til einstaklinga með sérþarfir þurfa að upplýsa Íbúðalánasjóð, með fullnægjandi hætti að mati sjóðsins, um að sérþarfirnar leiði til aukins kostnaðar við breytingar, viðbætur, byggingu eða kaup á íbúð.

Aukalánið kemur til viðbótar hinum almennu íbúðalánnum frá Íbúðalánasjóði og getur skipt sköpum ef um er að ræða kaup eða breytingar á íbúð þar sem almennt hámarkslán hrekkur ekki til. Heildarlánið getur numið allt að 90% af kaupverði íbúðar eins og núverandi almenn íbúðalán sjóðsins, en þar sem hámarksfjárhæð aukalánsins er í dag 4,8 milljónir króna getur heildarlán aukaláns, ásamt grunníbúðaláni Íbúðalánasjóðs, orðið allt að 19,7 milljónir króna í stað 14,9 milljóna almenns hámarksláns. Lánin bera 4,15% vexti eins og hin almennu íbúðalán Íbúðalánasjóðs. Lántökugjald þessara lána er hins vegar einungis 0,5% af veittri lánsfjárhæð. Heimilt er að greiða lánið út í tvennu lagi við breytingar og viðbætur á íbúð. Helming þess þegar 50% framkvæmda er lokið og seinni hlutann við lok framkvæmda. Sé lánið greitt út í einu lagi verður að minnsta kosti 80% framkvæmda að vera lokið.

Þar sem aukalánið er veitt vegna sérþarfa fólks þá fellur lánið í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti íbúðar. Sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann mun ekki flytja þangað aftur. Skyld er að þinglýsa kvöð þessa efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins. Hins vegar getur stjórn Íbúðalánasjóðs heimilað aðila sem fengið hefur aukalán vegna sérþarfa að flytja með sér lánið við sölu íbúðar.

Höfundur er sviðsstjóri þróunar- og almennatengsla Íbúðalánasjóðs.

Brandt
- skrefi á undan

Blomberg

Brandt ofninn er með tölvustýrðan „hjálparkokk“
Þú ýtir á einn takka og „hjálparkokkurinn“ sér um eldamennskuna.

Brandt gufugleypir
er óvenju hljóðlátur aðeins 42 desibel

Brandt uppvottavélin
glæsileg hönnun sem gefur betri þvott

Brandt Group er einn af stærstu heimilistækjaframleiðendum í Evrópu. Þeir framleiða og selja m.a. heimilistæki undir nöfnum **De Dietrich, Brandt** og **Blomberg**.

PYROLYSE hreinsunarkerfi
Brandt ofninn hreinsar sig sjálfur við 500°C

Silence Inside
Brandt gufugleypir

AAA class

Glæsileg innbyggð tæki fyrir nútíma eldhús



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is

BRÉF TIL BLAÐSINS

Ekki hlyntur refsistefnu

Ég er ekki hlyntur refsistefnunni í því skyni að vinna gegn neyslu ólöglegra fíkniefna, ef við skilgreinum áfengi sem löglegt fíkniefni. Fræðsla og upplýsing er besta vörnin gegn neyslu allra fíkniefna. Hinsvegar er ég ekki á því að lögleiða eigi öll ólögleg fíkniefni enda held ég að sum þeirra séu bókstaflega svo eitruð og hættuleg að verið væri að etja fólk út í opinn dauðann með því að lögleiða þau. Er hinsvegar til skoðunar og umræðu um hvar mörkin liggja.

Björgvin G. Sigurðsson á uf.is

Miðstöð ófrelsis í heiminum

Land frelsisins færast nú æ nær því að vera miðstöð ófrelsis og mannréttinda-brota í heiminum. Þessi stefna bitnar enn sem komið er einkum á þeim sem ekki eru bandarískir eða vestrænir en síðferðismörk bandarískra stjórnvalda virðast færast æ neðar. Stríðið gegn hryðjuverkum virðist ætla að hafa í för með sér gengisfellingu mannréttinda og um leið komast menn til valda sem virðast stjórnast af einkennilegum kenndum í aðferðum sínum. Menn sem telja að pyntingar séu réttlætunarlegar og reyna að fela síðferði sitt á bak við tæknilegar útskýringar á „markmiðum“ og „niðurstöðum“. Það er hreinlega ekki verjandi fyrir nein stjórnvöld sem vilja hafa mannréttindi í heiðri að vera meðvirk með bandarískum stjórnvöldum í þessu máli. Tilgangurinn helgar ekki meðulin.

Katrín Jakobsdóttir á murinn.is

Ánægjuleg frétt

Á vef samgönguráðuneytisins var í fyrradag birt frétt sem er í senn óvenjuleg og ánægjuleg. Fyrirsögn fréttarinnar er „Minnkum skriffinnskuna!“ og í fréttinni segir að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hafi ákveðið að „skera upp herör við óþarfa skriffinnsku á sviði samgöngumála“. Þar segir enn fremur að íslenska réttarríkið byggist á lögum og reglum, en að við setningu þeirra sé mikilvægt „að gæta hófs og að ávallt sé haft í huga að aðgerðir eða afskipti ríkisvaldsins séu ekki umfram þá áhættu sem í húfi er eða þá hagsmuni sem varðir eru“. Í fréttinni kemur fram að samgönguráðherra hafi skipað vinnuhóp sem fara eigi í gegnum lög og reglugerðir á sviði samgönguráðuneytisins með það að markmiði að gera tillögur um úrbætur þar sem regluverkið þyki „óþarflega óljóst, flókið eða íþyngjandi“.

Vefbjóðviljinn á andriki.is

Brýnt að setja fjölmiðlalög

Kolbrún [Bergþórsdóttir á Útvarpi Sögu] spurði um fjölmiðlamál. Ég sagði enn hafa sannast síðustu daga, hve brýnt væri að setja fjölmiðlalög, 70% fjölmiðlunar væri á einni hendi Baugsveldisins undir stjórn Gunnars Smára Egilssonar. Snemma síðasta sumar hefðu þessir eigendur og talsmenn þeirra rekið upp ramakvein, því að hætta væri á, að einhverjir starfsmenn þeirra misstu vinnuna vegna fjölmiðlafrumvarpsins. Nú væru starfsmenn reknir skýringarlaust úr stjórnunarstöðum og stöðvum lokað fyrirvaralaust með tafarlausrí uppsögn tuga starfsmanna, svo að þeir notuðu ekki öldur ljósvakans til að segja hugsanlega eitthvað gagnrýnisorð um þá, sem sviptu þá vinnunni. Og Róbert Marshall, formaður Bláðamannafélags Íslands, sem skar upp herör gegn stjórnvöldum síðasta sumar til að verja hagsmuni félagsmanna sinna, segðist núna ekki sinna málum einstaklinga! Hvað þyrfti að skerða hárl á höfði margra, til að hann tæki til varna fyrir umbjóðendur sína?

Björn Bjarnason á bjorn.is

Á barmi gjaldþrots

Nú er svo komið að allir einkareknu skólar eru á barmi gjaldþrots. Þeir skulda allir miklu meira en góðu hófi gegnir og að minnsta kosti tveir þeirra skulda opinber gjöld. Stjórnendur í Reykjavíkurborg ættu að skammast sín hvernig er farið með þessar góðu stofnanir sem hafa komið mörgum góðum Íslendingum til manns. Staðan er svo alvarleg að enginn þórir að ræða hana. Mannréttindi verða brotin á þeim börnum sem núna eru í einkareknu skólunum og fá ekki að halda áfram vegna hugmyndafræði samansaumaðs stjórnmalaflokks. Þurfa kjósendur ekki að vakna – eða er öllum alveg sama? Grípa öryggisnet opinbera kerfisins nemendur borgarreknu skólanna ekki hvort eð er? Eða hvað?

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir á tikin.is

Um listaverkakaup ríkisins

HAUKUR BRYNJÓLFSSON RAFVIRKI SKRIFAR UM MYNDLISTARMÁL

Var það rétt ákvörðun hjá ríkisstjórninni að kaupa myndirnar hans Sigmunds? Hefðum við ekki heldur átt að kaupa alvöru listaverk, s.s. heysátu, moldarbing eða málningardollur fyrir 10 millur? Það kemur auðvitað ekki til greina að kaupa málverk eftir að í ljós er komið að listfræðingar eru ekki klárir á að þekkja sundur raunverulegt listmálað skilerí og fölsun. Ég hef að vísu slæma reynslu af dollunum, en látum svo vera. Svoleiðis var að fyrir nokkrum árum ákváðum við hjónin að helga menningunni sunnudagssíðdegi og fara á myndlistar-

sýningu. Er við gengum í salinn var þar fyrir nokkur hópur af ákaflega gáfulegu fólki og mikill fjöldi af málningardollum. Dollurnar stóðu víða um salargólfid en fólkid saman í hnapp. Engar myndir á veggjum. Í fljótferni hnippti ég í konu mína og sagði stundarhátt: „Við erum í vitlausum sal góða mín, hér á að fara að mála“. Um leið og síðasta orðið slapp af vörum mínum sá ég að ég hafði hlaupið illa á mig og opinberað kunnáttuleysi mitt í æðri listum. Þarna voru ekki iðnaðarmenn samankomnir heldur lýsti af gildum menningarvitum. Listfræðingur landsins ljómaði yfir sviðinu eins og fullur máni á ágústnóttu. Í hópnum miðjum stóð

„ Við vorum sem sagt stódd í myndlistarsýningunni, málningardollurnar voru listaverkið.

listamaðurinn sjálfur, viðurkenndur og margverðlaunaður. Við vorum sem sagt stódd í myndlistarsýningunni, málningardollurnar voru listaverkið.

Vonandi hefur Listasafn ríkisins haft bæði fjármuni og gæfu til að eignast verkið svo að það varðveitist um ókomin ár í þágu sannra listunnenda. Mér er engin launung á að ég kunni ekki rétt vel við mig þarna eftir þessa háð-

ung og var engin huggun í meðaumkunarfullum augnagotum sumra hinna listfróðu. Var heldur ekki viss um að full einlægni væri þar að baki. Ég reyndi um stund að bera mig vel og horfa gáfulega á dollurnar en gat bara ekki komist í stuð. Við hjónin hurfum því fljótlega af vettvangi, en ég man að ég hugsaði mér að nota tækifærið og horfa rækilega á málningarlagerinn næst er ég ætti erindi í Byko eða Húsasmíðjuna. Það hef ég gert og orðið þess fullviss að ég næ þessu ekki; mig skortir hinn rétta skilning. Ég hallast að einfaldari túlkunum svo Sigmund hæfir mér betur. En ég ber djúpa virðingu fyrir þeim sem skilja dollurnar. ■

CHIEFTEC

TÖLVULISTINN

SÉRTILBOÐ ÚT VIKUNA

HÝSING

GLÆSILEG ÁL HARÐDISK HÝSING

ÖRUGG VINNSLA
Hýsingin er 3 Amper sem skilar óreiðanlegri vinnslu og samhæfni við nær alla IDE diska

HRAÐVIRKT USB2
Hýsingin tengist í USB2 tengi sem tryggir hraðvirkan og öruggan gagnaflutning.

GLÆSILEG HÖNNUN
Glæsileg og hagkvæm hönnun sem er bæði fyrir augað og svo skilar álið betri kælingu

AUÐVELD Í NOTKUN
Einstaklega auðveld í notkun og virkar jafnt fyrir PC og Mac. Þægilegt að skipta um diska.

Hægt að ráða nokkrum saman

VERÐ 4.990

40GB Special Edition, ATA100, 8MB, 7200rpm, Fluid Bearing VERÐ 6.990

160GB Special Edition, ATA100, 8MB, 7200rpm, Fluid Bearing VERÐ 9.990

200GB Special Edition, ATA100, 8MB, 7200rpm, Fluid Bearing VERÐ 11.900

250GB Special Edition, ATA100, 8MB, 7200rpm, Fluid Bearing VERÐ 16.900

Öll verð eru staðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um innviðaráhrif og þeyringar • Visa og Euro raðgreiðslur til allra að 36 mánaða

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730
Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400

BENJAMIN FRANKLIN FÆDDIST
PENNAN DAG 1706.



„Ég hugsa að ég kvíði því minna að verða
gamall en að verða gamall og feitur.“

Hann er þekktastur fyrir að hafa fundið upp eldingavaranum. Af
holdafari hans fer engum sögum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Volkswagen kemur til Ameríku

Pennan dag 1949 kom fyrsti fólksvagninn, Volkswagen, til Bandaríkjanna. Þessi bíll, sem átti eftir að ná meiri vinsældum á Vesturlöndum en nokkur annar bíll eftirstríðsáranna, var hannaður af Porsche. Nasistar hófu framleiðslu á honum fyrir stríð en framleiðslan varð fljótt að vika fyrir stríðstólum. Sagan var allöng. Fyrir 1930 höfðu menn gælt við hugmyndir um bíl sem hentaði þýskum almenningi. Nasistar tóku þessa hugmynd traustataki og leituðu hofanna hjá hönnuðinum Porsche, sem átti ýmsar af hugmyndunum sem not-



16. JANÚAR 1949: FYRSTI FÓLKS-VAGNINN TIL AMERÍKU

aðar voru í Volkswagen og hafði reynt þær í framleiðslu fyrir nokkur fyrirtæki, þar á meðal NSU. Þær höfðu ekki tekist. Porsche hannaði nú bíl sem stjórnvöld Þriðja ríkisins voru tilbúin að framleiða. Hann var á endanum í megin-

atriðum eins og Fólksvagninn sem framleiddur var eftir stríð. Fyrst vildu nasistar kalla bílinn KdF sem stóð fyrir „Kraft durch Freude“ eða styrkur með gleði en sagt er að Porsche hafi þótt of mikið nasistabragð af þessu. Stríðið kom í veg fyrir framleiðslu, þótt nokkrir bílar væru framleiddir 1938 og '39, en eftir stríðið varð þessi almenningsvagn nasistanna vinsælasta tákn hins nýja Þýskalands og lagði sannarlega heiminn undir sig. Volkswagen kom fyrst til Íslands 1952. Hann var framleiddur í Wolfsburg, sem fyrir stríð hét KdF-stadt.

MERKISATBURÐIR

- 1850 Pereatíð. Skólasveinar í Lærða skólanum gera hróp að Sveinbiri Egilssyni rektor.
- 1861 Maður að nafni Thomas Crapper fær einkaleyfi á vatnssalemínu.
- 1912 Robert Scott kemst á Suðurlandspólinn, mánuði á eftir Amundsen.
- 1914 Eimskipafélag Íslands stofnað í Reykjavík.
- 1938 Benny Goodman og hljómsveit halda fyrstu djasstónleikana í Carnegie Hall í Neev York.
- 1945 Rússar ná Varsjá úr höndum Þjóðverja.
- 1966 Bandarísk flugvél missir tvær vetnissprengjur yfir Spáni.
- 1991 Gos hefst í Heklu. Hið fjórða á öldinni.
- 1994 Jarðskjálfti veldur miklum skemmdum í Los Angeles. 60 manns týna lífinu.

JÓN ALBERT SIGURBJÖRNSSON ER FIMMTUGUR Í DAG:

Hesturinn er fyrirferðarmesta íþróttataekið

Jón Albert Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Landssambands hestamanna, er fimmtugur í dag. Tímamótin hringdu í hann af þessu tilefni. Við spurðum hann um stöðu hestamennskunnar.

„Landssamband hestamanna er þriðja stærsta sérsambandið innan ÍSÍ, 48 félög með um tíu þúsund félaga. En þetta segir ekki alla söguna. Samkvæmt niðurstöðum könnunar fyrir tækja stunda milli átján og tuttugu þúsund manns hestamennsku. Það er oft þannig að það er bara einn úr hverri fjölskyldu í hestamannafélagi þótt öll fjölskyldan stundi þetta og njóti í raun þess sem félögin bjóða. Stærstu félögin eru hér á höfuðborgarsvæðinu, Fákur þeirra stærst, en það eru fjölmenn félög líka víða úti á landi. Hestamannafélögin hafa boðið fólki upp á ýmislegt sem er nánast óþekkt erlendis. Skipuleg hesthúshverfi með félagsaðstöðu eru óþekkt annars staðar en hér. En það er margt sem er einstakt í hestamenskunni sem íþrótt. Íþróttataekið er fyrirferðarmeira en öll önnur. Maður tekur ekki hestinn í hendina ef maður þarf að fara frá Akureyri suður á land á hestamannamót. Hann er ekki eins og boltataska.“

Svo er þetta vinsæl íþrótt erlendis, að eiga íslenska hesta og ríða út.

„Já, það eru starfandi alþjóðleg samtök um íslenska hestinn og aðildarfélög í nítján þjóðlöndum. Talið er að það séu 60.000 íslenskir hestar erlendis, þar af 24 þúsund í Þýskalandi einu. Við munum halda heimsmót á þessu ári í Norrköping í Svíþjóð. Þangað koma um 2.000 Íslendingar og tuttugu þúsund manns í allt. Þetta er gífurleg landkynning. Á landsmótin hér heima koma líka þúsundir útlandinga, við erum núna að undirbúa landsmótið 2006 á Vindheimamelum. Við finnum fyrir gífurlegum áhuga erlendis enda hefur áhugafólki um íslenska



JÓN ALBERT SIGURBJÖRNSSON

Hestamennska er ein vinsælasta íþrótt landsins.

AFMÆLI

David Oddsson utanríkisráðherra er 57 ára í dag.



Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð, er 54 ára.

Sigurjón M. Egilsson fréttaritari er 51 ára.

Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur er 42 ára í dag.



JARÐARFARIR

15.00 **Hreinn Benediktsson** prófessor verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

hestinn fjölgað um 10% á ári undanfarin ár, mest á Norðurlöndum.“

Hver eru mestu hagsmunamál Landssambands hestamanna núna?

„Ef ég ætti að nefna eitt einstakt atriði þá eru það reiðvegirnir. Og reiðvegir eru ekki bara hagsmunamál okkar hestamanna. Einn aðal vaxtarbroddurinn í ferðaþjónustunni er hestatengd ferðamennska. Þetta snertir líka umgang okkar um landið. Það er ótækt að stefna þúsundum ferðamanna á hestum, til dæmis um hálandið eða um byggðir landsins og bjóða þeim ýmist upp á þjóðveg

eitt eða vegleysur. Við þurfum líka að sjá til þess að áfangastaðir í óbyggðum séu í lagi. Við vinnum nú að því í samstarfi við Landmælingarnar og Vegagerðina að setja reiðleiðir og áfangastaði inn á kort með GPS-hnitum.“

Svo við víkjum að öðru. Hvað er orðið um fulla hestamanninn?

„Hann er endanlega horfinn. Það gefur auga leið að atvinnu- maður í hestamennsku sem sést fullur, hann fær einfaldlega engin verkefni. Auðvitað kemur fyrir að menn drekka áfengi en það er ekkert algengara en meðal annarra. Það hefur orðið gíf-

urleg breyting á hestamenskunni á þessum árum frá 1949 þegar Landssambandið var stofnað. Framþróunin hefur ekki bara orðið í ræktuninni heldur öllum þáttum íþróttarinnar, reiðmennsku, tamningu og allri umgjörð hestamennskunnar. Hestamennska er nú ein vinsælasta íþrottagrein sem stunduð er hérlendis og er sannarlega fjölskylduvænni en flestar aðrar.“

Hvað gerir þú svo í tilefni af afmælinu?

„Ég ætla að taka móti gestum í Félagsheimili Fáks á laugar- daginn kemur, 22. janúar, milli klukkan fimm og átta.“ ■



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.849.000 kr.

LEIGA = 32.998 kr.

LÁN = 24.484 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
184.900 ÚT**

Staðalbúnaður Xsara Picasso:

- ABS hemlar
- Armþúðar á framsætum
- Upphitanleg framsæti
- Hæðarstilling á bílstjórasæti
- Veltistýri
- Sjálfskiptur eða beinskíptur
- Aksturstöiða
- Útíthitamælir með ísingarviðvörðun
- Geislaspillari með fjarstýringu
- Fjórir öryggisþúðar
- Öryggisþúði farþega aftengjanlegur
- Stíllanleg hraðaviðvörðun

Ævintýrlega auðvelt

@24.484

**Komdu strax.
Tilboðin gilda
út janúar.**

► Íslendingar kunna að meta munað og gæði. Þess vegna hafa á annað þúsund kröfuharðar fjölskyldur valið nýja kynslóð Citroën, bílinn sem fer sigurför um heiminn.

Citroën Xsara Picasso er einstaklega rúmgóður fjölnotabíll fyrir alla fjölskylduna, búinn ríkulegum útbúnaði sem á sér vart hliðstæðu í öðrum tegundum bíla í sama verðflokki.

Þú velur byltingarkennda og hressandi hönnun Citroën Xsara Picasso; glæsilega fjölnotabílsins sem veður óskoraða athygli hvar sem hann fer.

Þú horfir á ávalar línurnar og yfirbygginguna sem veita farþegum Xsara Picasso óhindrað útsýni. Þú sest inn og lítur yfir takmarkalaust rýmið. Þægindin og munaðurinn blasa hvarvetna við og farangurinn raðast áreynslulaust á sinn stað. Þú saknar einskis.

Íslendingar velja nýjan Citroën fyrir sig og fjölskylduna. Þeir vilja þægindi, gæði og góða þjónustu. Þú ert kröfuharður kaupandi. Þess vegna bætist þú í stóran hóp ánægðra viðskiptavina Brimborgar og velur nýjan Citroën á ævintýrlega auðveldan hátt.

Brimborg og Citroën gera þér lífið léttara – og skemmtilegra

- lægra verð
- lægri mánaðargreiðslur
- staðgreiðslu fyrir gamla bílinn - beint í vasann

Nýttu þér 40 ára reynslu Brimborgar og gerðu bílaviðskiptin ævintýrlega auðveld.

Þeir uppskera sem sá! Komdu í bíltúr. Upplifðu af eigin raun munað og þægindi Xsara Picasso. Hann svífur með þig á vit ævintýranna. Xsara Picasso gælir við farþega sína. Þú líður áfram eins og í draumi. Komdu núna.



C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.434.000 kr.

LEIGA = 26.622 kr.

LÁN = 18.989 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
143.400 ÚT**



Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.560.000 kr.

LEIGA = 29.600 kr.

LÁN = 20.657 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
156.000 ÚT**



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.585.000 kr.

LEIGA = 29.275 kr.

LÁN = 21.145 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
158.500 ÚT**



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*

TILBOÐSVERÐ = 1.849.000 kr.

LEIGA = 32.998 kr.

LÁN = 24.484 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
184.900 ÚT**



C5 X 5 gíra 1,8 117 hö*

TILBOÐSVERÐ = 2.070.000 kr.

LEIGA = 37.390 kr.

LÁN = 27.400 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
207.000 ÚT**



C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö*

TILBOÐSVERÐ = 2.999.000 kr.

LEIGA = 53.200 kr.

LÁN = 39.711 kr.

**ÞÚ BORGAR AÐEINS
299.900 ÚT**

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.



Öruggur staður til að vera á



* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarta. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er áfelgur, þokuljós og samlitun; af C5 er áfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er áfelgur og samlitun; Xsara Picasso er áfelgur og samlitun.

Við furðum okkur...

...að ekki skuli vera meiri hugsun á bak við hinn árlega Stjórnuleik í körfubolta hjá Körfuknattleikssambandi Íslands. Háver tónlist glumdi í eyrum áhorfenda á leikjum sem fram fóru um helgina og þrísuðu margir sig sæla loks þegar flautuáð var til leiksloka enda hellur fyrir eyrum farnar að hrjá allmarga áhorfendur.



„Það þýðir ekkert að tala við dómara eftir leikinn. Það er ekki hægt að snúa klukkunni til baka.“

Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, eftir að hann hafði horft upp á líð sitt fá enn einn dómaraúrskurðinn á móti sér gegn Chelsea.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

14 15 16 17 18 19 20

Mánudagur

- LEIKIR**
- 19.15 Keflavík og Snæfell mætast í Keflavík í Interpordeldinni í körfubolta.
 - SJÓNVARP**
 - 15.45 Helgarsportíð á RÚV. Endursýndur þáttur frá sunnudagskvöldinu þar sem farið er yfir íþróttaviðurði helgarinnar.
 - 16.10 Ensku mörkin á RÚV. Sýnd verða mörkin úr síðustu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta.
 - 17.10 Þrumuskot á Skjá einum. Farið yfir leiki helgarinnar í ensku deildinni.
 - 19.30 Ameríski fótboltinn á Sýn. Sýnt frá leik Indianapolis Colts og New England Patriots í NFL-deildinni.
 - 20.30 Boltinn með Guðna Berge á Sýn. Evrópúboltinn frá ýmsum hljóðum.
 - 22.00 Ólífsport á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðurði bæði hér heima og erlendis.
 - 23.15 Boltinn með Guðna Berge á Sýn. Evrópúboltinn frá ýmsum hljóðum.
 - 23.30 Ensku mörkin á RÚV. Sýnd verða mörkin úr síðustu umferð ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta.
 - 00.20 Þrumuskot á Skjá einum. Farið yfir leiki helgarinnar í ensku deildinni.

Egyptar lagðir á Spáni

Íslenska landsliðið í handbolta vann öruggan 30-21 sigur á Egyptum í síðasta leik liðsins fyrir Heimsmeistarakeppnina í Túnis sem hefst um næstu helgi. Viggó segir hópinn tilbúinn í slaginn.

HANDBOLTI „Það hefði verið dapurlegt að tapa öllum leikjum hér þannig að þessi sigur er afar jákvæður fyrir það sem fram undan er,“ sagði Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik. Ísland vann þriðja og síðasta leik sinn á æfingamóti sem fram fór á Spáni gegn Egyptum 30-21 eftir að hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum, gegn Frakklandi og Spáni.

Leikirnir eru þeir síðustu sem landsliðið spilar áður en haldið er til Túnis en þar hefst Heimsmeistararamótið um næstu helgi. Viggó var talsvert ánægðari með frammistöðu strákanna gegn Egyptum en í fyrradag gegn Spánverjum. Þá héldu þeir í við andstæðinga sína fram á síðustu mínútur þegar stíflan brast og Spánverjar skoruðu tíu mörk í röð án þess að íslenska liðið fengi rönd við reist. „Það má segja að sigurinn hafi síst verið of stór en ég er engu að síður ánægður. Strákarnir gerðu það sem lagt var upp með í upphafi og þeir uppskárú eftir því. Liðið gerði engin slæm mistök eins og raunin varð gegn Spánverjum en á það ber að líta að Egyptar eru þrepi neðar í klassa en Spánverjar og Frakkar.“

Róbert Gunnarsson var markahæstur íslensku leikmannanna í þessum leik eins og reyndar hinum tveimur líka. Verður gaman að fylgjast með honum á HM enda virðist hann blómstra á hárréttum tíma fyrir liðið en gegn Egyptum náðu Íslendingarnir að skora mörg mörk úr hraðupphlaupum og sagði Viggó það góðs vita. „Nú æfum við í nokkra daga í viðbót í Madrid og höldum svo til Túnis og ég tel hópinn vera fullkomlega til í þann slag sem þar verður. Hvað



LOKS SIGUR Landsliðið í handbolta sigraði Egypta örugglega í síðasta leik liðsins áður en alvaran tekur við á Heimsmeistaramótinu í Túnis um næstu helgi. Fréttablaðið/Teitur

varðar mínar eigin væntingar þá stefni ég ótraudur eins langt og mögulegt er í Túnis og þessi mannskapur er á sömu línu.“

Mörk Íslands: Röbert Gunnarsson 8, Alexander Petersson 6,

Guðjón Valur 5, Ólafur Stefánsson 5, Vilhjálmur Ingi 3, Dagur Sigurðsson 2, Markús Máni 1 og Logi Geirsson 1.

albert@frettabladid.is

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Hinn danski **Thomas Gravesen** hefur þegar fengið gælunafnið Trölíð hjá spænskum fjölmiðlum enda þykir útlit hans minna meira á Shrek en knattspyrnumann. Hafa ýmsir bent á að nú þegar Gravesen er kominn er enginn staður lengur fyrir miðjumanninn **Guti** og ekki ólíklegt að hann fylgi **Morientes** út um dyrnar fyrr en síðar.

Arsene Wenger hyggst aldrei aftur svara spurningum blaðamanna er varða kollega hans hjá Manchester United, **Alex Ferguson**. Segist hann hafa fengið nóg af yfirborðskennendum yfirlýsingum **Fergusons**. Nú síðast lét **Ferguson** það flakka að leikmenn Arsenal væru nú ekki betri en svo að þeir kynnu ekki að tapa. **Wenger** segir **Ferguson** eða yfirlýsingar hans ekki skipta hið minnsta máli og ætlar ekki að taka stríðið við Skotann aftur.

Skærasta stjarna tennisheimsins, Svisslendingurinn **Roger Federer**, vonast til að fá meiri samkeppni frá helstu andstæðingum sínum á næstunni og telur það einu leiðina til að halda sér á toppnum. Er hann talinn langlíklegastur að vinna Opna Ástralísku sem hefst í dag í Melbourne og er ekki hræddur við að kynda aðeins undir keppinautum sínum.

Fleiri stjórnur koma til með að verða á Nou Camp, heimavelli Barcelona, þann fimmtánda febrúar en eru á himinhöfvinu þegar fram fer ágóðaleikur fremstu knattspyrnumanna heims til handa fórnarlömbum flóðanna í Asíu. Þar mætast lið **Andriy Shevchenko**, knattspyrnumanns Evrópu 2004, og knattspyrnumanns ársins, **Ronaldinho** hins brasilíska. Allar stærstu stjórnur boltans munu mæta.

Ertu í átaki?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!



Skýndileg breyting á mataræði og líffsháttum getur dregið úr innri styrk, valdið tímabundnu ójafnvægi á ónæmiskerfinu, þróttleysi og vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ dregur úr þessum áhrifum og flýtur fyrir því að jafnvægi náist á ný.

www.ms.is



STEFÁN GÍSLASON Telur Keflavík vera meira spennandi kost en sænska liðið Hacken.

Stefán Gíslason:

Spennnari fyrir Keflavík

FÓTBOLTI Miðjumadurinn sterki Stefán Gíslason, sem var lykilmadur hjá bikarmeisturum Keflavíkur á síðasta tímabili, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði lítinn áhuga á því að fara til sænska liðsins Häcken en hann dvaldi hjá félaginu til reynslu í síðastu viku.

Stefán sagði að honum hefði gengið vel á æfingum og hann byggist við því að sænska liðið myndi gera Keflvíkungum tilboð í dag eða morgun. Hann sagðist þó ekki vera ýkja spennur fyrir því að fara út og sagði það meira spennandi að spila með Keflvíkungum undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar.

„Mér list mjög vel á þetta hjá Guðjóni og get ekki séð að mér sé betur borgið hjá þessu liði í Svíþjóð. Ég hef áður sagt að ég muni ekki fara út nema ég fái almennilegt tilboð og það er ólíklegt að Svíarnir séu í stakk búinir til að gera það,“ sagði Stefán. ■

Keflvíkingar taka á móti Snæfelli í lokaleik 13. umferðar í kvöld:

Snæfell hefur aldrei unnið í Keflavík

KÖRFUBOLTI Lokaleikur 13. umferðar í Interpordeldinni í körfuknattleik fer fram í Keflavík í kvöld. Þar munu heimamenn taka á móti Snæfelli úr Stykkishólmi en liðin tvö áttust við í úrslitum Íslandsmótsins í fyrra þar sem Keflavík hafði betur, 3-1.

Keflavík og Snæfell hafa mæst í tvígang síðan þá, einu sinni í deild í Stykkishólmi, þar sem Snæfell hafði betur, 87-82. Liðin áttust við að nýju á heimavelli Keflvíkinga í 16 liða úrslitum bikarkeppni KKÍ&Lýsingar og náðu heimamenn að hefna ófaranna í Hólminum og unnu sannfærandi, 102-86.

Snæfell mætir með tvo nýja erlenda leikmenn til leiks í kvöld auk þess sem leikstjórnandinn Helgi Reynir Guðmundsson, sem var á mála hjá KR í rúm ár, er genginn til liðs við Snæfell á nýjan leik. Bakvörðurinn Mike Ames virðist vera mikill fengur fyrir Snæfell og skilaði 23 stigum og fjórum stoðsendingum gegn Grindavík í síðustu umferð. Calvin Clemmons á eftir að finna sig betur en hafði fremur hægt um sig gegn Grindvíkingum, skoraði 10 stig og tók 6 fráköst.

Keflavík er fyrir löngu orðið hokið af reynslu og sigurhefð og kærir sig ekki um neitt annað en sigur í Sláturhúsinu í Keflavík. Með frábæra leikmenn á borð við Nick Bradford, Magnús Þór Gunnarsson, Anthony Glover og Gunnar Einarsson, mun Keflavíkurhraðlestin ekki eiga í neinum vandræðum með Snæfell í kvöld. Snæfell býr einfaldlega ekki yfir



NICK BRADFORD, LEIKMADUR KEFLAVÍKURLIÐSINS Hefur átt góðu gengi að fagna með Keflavíkurlíðinu, bæði í Interpordeldinni og bikarkeppni Evrópu.

breiddinni sem Keflvíkingar státa af auk þess sem að Keflavík lumar á fleiri brögðum uppi í erminni.

Hólmarar hafa aldrei unnið Keflavík á útivelli og engin breyting verður þar á í kvöld. ■

Það fá **allir** námsmannavexti af tölvulánum hjá S24



Aðeins
9,0%
vextir

alla

Hagstætt tölvulán fyrir námsmenn

- Betri vextir, aðeins 9,0%*
- Ekkert lántökugjald
- Lán til allt að 48 mánaða (4 ár)
- Léttari greiðslubyrði
- Þú þarft ekki að byrja að borga af tölvunni fyrir en eftir 3 mánuði, þú ræður
- Engin lágmarksupphæð
- Tilboðið gildir til 15. febrúar 2005
- Hagstæð tölvutilboð!



i n v e n t

Vertu viss um að þú sért að hagnast

á þínum bankaviðskiptum...



Sæktu um kort... **WWW.S24.IS** Sími 533 2424 - Kringlan

*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 11.12. 2004.

M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

LEIKIR HELGARINNAR

DHL-deild kvenna

FH-VÍKINGUR 27-29
Mörk FH: Sigrún Gílsdóttir 9, Jolanta Slapikiene 9, Dröfn Sæmundsdóttir 7, Gunnur Sveinsdóttir 6, Bjarný Þorvarðardóttir 3, Guðrún Hólmeigsdóttir 2

Mörk Víkings: Guðmunda Kristjánsdóttir 6, Ásta Agnarssdóttir 5, Helga Brynjólfssdóttir 4, Steinunn Þorsteinsdóttir 2, Sigrún Brynjólfssdóttir 2, Eygló Jónsdóttir 1

STAÐAN

HAUKAR	11	11	0	0	344-257	22
ÍBV	12	10	0	2	365-314	20
VALUR	12	7	0	5	296-290	14
STJARNAN	10	6	1	3	277-244	13
FH	13	4	2	7	348-364	10
VÍKINGUR	13	4	0	9	318-348	8
GRÓTTA/KR	12	2	0	10	264-314	4
FRAM	11	1	1	9	243-306	3

Enska úrvalsdeildin

MIDDLESBROUGH-EVERTON	1-1
1-0 Zenden (26.), 1-1 Cahill (76.).	
FULHAM-WEST BROM	1-0
1-0 Boubba Diop (90.).	

STAÐAN

CHELSEA	23	18	4	1	45-8	58
ARSENAL	23	14	6	3	52-25	48
MAN. UTD	23	13	8	2	34-13	47
EVERTON	23	13	5	5	28-24	44
LIVERPOOL	23	11	4	8	36-23	37

Ítalska A-deildin

ATALANTA-SIENA	1-1
1-0 Siniglia (20.), 1-1 Chiesa (44.).	
CHIEVO-ROMA	2-2
1-0 Pellissier (14.), 2-0 Tribocchi (20.), 2-1 Montella (34.), 2-2 Montella (52.).	
LAZIO-PALERMO	1-3
1-0 Pazzani (16.), 1-1 Toni (42.), 1-2 Zauli (66.), 1-3 Toni (89.).	
LIVORNO-MESSINA	3-1
1-0 Vigiani (54.), 2-0 Colombo (57.), 3-0 Protti (75.), 3-1 Gianba (78.).	
AC MILAN-UDINESE	3-1
0-1 Di Natale (9.), 1-1 Shevchenko (31.), 2-1 Jankulowskim sjálfsm. (54.), 3-1 Kaka (88.).	
PARMA-LECCE	2-1
1-0 Bresciani (51.), 1-1 Vucinic (83.), 2-1 Gilardino (90.).	
SAMPDORIA-BOLOGNA	0-0
CAGILARI-JUVENTUS	1-1
0-1 Emerson (55.), 1-1 Zola (89.).	
REGGINA-INTERNAZIONALE	0-0
BRESCIA-FIORENTINA	1-1
0-1 Nicoli (49.), 1-1 Di Pasquale (62.).	

Franska 1. deildin

AUXERRE-SOCHAUX	2-0
1-0 Akale (67.), 2-0 Pieroni (84.).	
STRASBOURG-ST. ETIENNE	1-1
1-0 Niang (9.), 1-1 Hognon (39.).	
BORDEAUX-LILLE	1-3
0-1 Debuchy (2.), 0-2 Brunel (43.), 0-3 Audel (81.), 1-3 Chamakh (84.).	
NANTES-RENNES	2-0
1-0 Keseru (30.), 2-0 Savinoud, víti (63.).	
LYON-METZ	2-0
1-0 Juninho (84.), 2-0 Bergounoux (88.).	
PSG-TOULOUSE	0-0
MÓNAKÓ-CAEN	5-2
1-0 Kallon (8.), 1-1 Watier (34.), 2-1 Maichon (37.), 3-1 Saviola (44.), 4-1 Kallon, víti (50.), 5-1 Plasil (81.), 5-2 Jovicic (87.).	
AJACCIO-BASTIA	1-0
1-0 Seck (44.).	
LENS-ISTRES	0-1
0-1 Saifi (20.).	
MARSEILLE-NICE	2-0
1-0 Luyndula (3.), 2-0 Luyndula (15.).	

Spanska 1. deildin

ALBACETE-SANTANDER	0-0
A. BILBAO-ESPANYOL	1-1
1-0 Etxeberria (2.), 1-1 Rodriguez (29.).	
R. BETIS-MALLORCA	2-0
1-0 Edu (26.), 2-0 Edu (80.).	
DEPORTIVO-NUMANCIA	1-1
1-0 Pandiani (76.), 1-1 Verino (79.).	
LEVANTE-VILLARREAL	2-4
0-1 Guayre (6.), 0-2 Forlan (28.), 1-2 Revara (48.), 1-3 Forlan (60.), 2-3 Reggi (71.), 2-4 Senna (88.).	
OSASUNA-VALENCIA	0-0
BARCELONA-R. SOCIEDAD	1-0
1-0 Eto'o (81.).	
R. MADRID-R. ZARAGOZA	2-1
0-1 Villa (20.), 1-1 Raúl (42.), 2-1 Ronaldo (54.), 3-1 Owen (85.).	

Chelsea að stinga af?

Forysta Chelsea í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu eykst með hverri vikunni sem líður. Hún er nú tíu stig og ljóst að helstu andstæðingar liðsins, Arsenal og Manchester United, eru farnir að örvænta.

FÓTBOLTI Lið Chelsea hefur náð tíu stiga forystu í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu eftir leiki helgarinnar og er komið með vænlega stöðu í baráttunni um meistaratitilinn.

Það var fyrirliðinn Frank Lampard sem tryggði Chelsea sigurinn gegn Tottenham í slag Lundúnaðanna á laugardaginn var. Hann skoraði bæði mörkin í tilþrífalittum leik á White Hart Lane, hið fyrra úr nokkuð umdeildri vítaspyrnu eftir meint brot á Alexei Smertin undir lok fyrri hálfleiks. Leikurinn var nokkuð jafn lengst af, en það var svo Lampard sem gerði út um hann undir lokin þegar hann skoraði síðara mark sitt eftir góðan undirbúning Eids Smára Guðjohansen sem kom inn á seint í leiknum.

Chelsea hefur notið meðþys undanfarið og hefur komið vel út úr vafatríðum í leikjum sínum að undanförmu. Meistarakeppnin svokallaða virðist vera að falla liðinu í skaut og lét Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hafa eftir sér að Chelsea væri komið með afar vænlega stöðu í toppbaráttunni.

„Það lítur ekki út fyrir að þeir tapi mörgum stigum eins og liðið leikur í dag og þó talsvert sé eftir af deildakeppninni eru þeir komnir í vænlega stöðu.“ Arsenal tapaði mikilvægum stigum um helgina þegar liðið tapaði fyrir Bolton á útivelli og mun eflaust setja strik í reikninginn þegar lengra dregur.

Lið Manchester United hefur verið á miklu skriði undanfarið og virðist hvergi ætla að gefa eftir. Liðið sótti heim fjendur sína í Liverpool og var það undrabarnið Wayne Rooney sem skoraði eina mark leiksins eftir slæm mistök markvarðar Liverpool.

Voru það ekki fyrstu mistök Jerzy Dudeks á leiktíðinni og ekki fyrstu mistök hans sem kosta liðið stig. Er þetta í annað sinn á þremur árum sem United hefur sigur á Anfield. Gestirnir misstu reyndar Wes Brown af velli með rautt spjald, eftir slæma tæklingu á



EIFUR SMÁRI GUÐJOHNSÉN Á FLEYGIFERÐ Sést hér leika á Anthony Gardner, varnarmann Tottenham, í leik liðanna á laugardaginn.

John Arne Riise, en náðu engu að síður að halda fengnum hlut og hirða stigin þrjú. United sækir nú fast á hæla Arsenal í baráttunni

um annað sætið en munurinn á liðunum er aðeins eitt stig eins og staðan er í dag.

baldur@frettabladid.is

Middlesbrough og Everton mættust í úrvalsdeildinni:

Stál í stál á Árbakka

FÓTBOLTI Middlesbrough og Everton, sem bæði berjast um sæti í Evrópukeppninni, mættust á Árbakkavelli, heimavelli Middlesbrough, í gær. Leikurinn var jafn og skemmtilegur og endaði með jafntefli, 1-1.

Bæði lið áttu ágætis færi í byrjun leiks, en það var Boudewijn Zenden sem kom heima-mönnum yfir á 26. mínútu með laglegu skoti, eftir góðan undirbúning lands síns Jimmy Floyd Hasselbaink.

Alan Stubbs, varnarmaður Everton, náði að slæma fætinum í knöttinn, en hann hrökk af slánni og í netið. Everton liðið var nálægt því að jafna nokkrum sinnum í fyrrihálfleik, en allt kom fyrir ekki.

Leikmenn Middlesbrough áttu betri færi í síðari hálfleik en Richard Wright sá við þeim í markinu. Þó átti James Beattie, sem var að leika sinn fyrsta deildarleik með Everton, ágætt skot sem hafnaði í

stönginni á marki Middlesbrough. Vendingurinn í leiknum varð svo þegar um stundarfjórðungur var eftir, þegar Duncan Ferguson kom inn á sem varamaður. Ferguson, sem var að koma úr þriggja leikja banni, lét ekki sitt eftir liggja og lagði upp jöfnunarmark Tim Cahill fyrir Everton.

